Niðurgreiðslur á vöruverði .....	508.4
Bygging sjúkrahúsa, læknaþústaða o. fl. ....	48.8
Bygging skólamannvirkja .....	44.9
Framlög til togaralána .....	29.1
Framleiðnisjóður landbúnaðarins .....	22.0
Rafvæðing í sveitum .....	18.0
Landnám ríkisins, án rekstrar .....	17.7
Framkvæmdir í flugmálum .....	19.0
Gæzluvistarsjóður .....	8.0
Íþróttasjóður .....	8.0
Nettóhækkun á öðrum liðum .....	169.9
Samtals	2 431.0

Breyting helztu útgjaldaflokka eftir meginskiptingu í fjárlögum, sbr. 1. töflu í sérstökum yfirlitum hér að framan, frá fjárlögum 1971 að meðtöldum mörkuðum tekjustofnum er þessi í hundruðshlutum:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1971
0 10 Laun .....	45.0 <sup>1)</sup>
0 20 Önnur rekstrargjöld .....	19.5
0 27 Viðhald .....	17.7
0 70 Vextir .....	3.2
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður .....	23.5
0 90 Yfirfærslur:	
91 Til fyrirtækja í B-hluta .....	22.1
92 Til sveitarfélaga .....	19.0
93 Til fyrirtækja og atvinnuvega .....	32.1
94 Til einstaklinga, heimila og samtaka .....	-10.4
Heildarhækkun	26.8

1) 28.8% m. t. t. 270 m.kr., sem ekki komu fram í gjaldahlíð fjárlaga 1971.

Loks sýnir eftirfarandi yfirlit hækkun útgjalda í hundraðshlutum frá fjárlögum 1971, sbr. 4. töflu í kaflanum um sérstök yfirlit, þar sem útgjöldum er skipt eftir hagrænu eðli:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1971	
Kaup á vörum og þjónustu .....		33.4
Samneyzla .....	35.9	
Fjárfesting .....	23.5	
Tilfærslur .....		23.1
Neyzlu- og rekstrartilfærslur .....	26.9	
Fjármagnstilfærslur .....	13.8	
	<hr/>	
Heildarhækkun		26.8

#### Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Hér á eftir verður rakið, í hverju breyting útgjalda í einstökum málefnaflokkum frá fjárlögum 1971 er fólgin. Verður og sérstaklega getið um það, hvaða áhrif markaðir tekjustofnar hafa á útgjaldaþróunina árið 1972. Á eftir þessum hluta greinargerðarinnar verður fjallað mun nánar um fjárreiður einstakra stofnana og fjárveitingar til hinna ýmsu málefna.

**00 Æðsta stjórn ríkisins.** Framlög á þessum lið hækka um samtals 43.5 m.kr., einkum vegna Alþingis, en kostnaður þar hækkar um 37.8 m.kr. Meginorsök þessarar hækkunar á rætur að rekja til launasamninganna á sl. vetri og verðlagsuppbóta á laun, en launaliður á æðstu stjórn hækkar í heild um 37.6 m.kr. Að öðru leyti hækkar rekstrarkostnaður stofnana í þessum málefnaflokki um 5.9 m.kr., þar af 5.6 m.kr. vegna Alþingis.

**01 Forsætisráðuneytið.** Fjárveiting til stofnana á vegum forsætisráðuneytisins lækkar um 0.1 m.kr., sökum þess að sérstök 5.0 m.kr. fjárveiting til breytinga á Arnarhvoli fellur niður. Því er um að ræða hækkun um 4.9 m.kr. að öðru leyti, sem öll kemur fram á launalið, en breytingar á öðrum kostnaðarliðum jafnast út.

**02 Menntamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn .....	62.3	—
Fræðslumál .....	493.5	÷18.3
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ....	41.9	÷10.6
	<hr/>	
Samtals	597.7	÷28.9

**Yfirstjórn.** Auk launahækkana er meginorsök þeirrar 62.3 m.kr. hækkunar, sem fram kemur á þessum lið, tilflutningur fræðslumálaskrifstofu á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Þegar tekið hefur verið tillit til þess, verður raunveruleg hækkun samþærilegra liða 25.3 m.kr., þar af framlag til að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli til framhaldsnáms, 10.0 m.kr., til endurskoðunar námsefnis 2.5 m.kr., til framkvæmdar sundskyldu í skólum 2.6 m.kr., til kennaranámskeiða 1.0 m.kr., og kostnaður við landspróf og samræmt gagnfræðapróf hækkar um 1.4 m.kr. Afgangur hækkunarinnar, 7.8 m.kr., skýrist að mestu af launahækkunum á aðalskrifstofu, nýráðningu starfsfólks og eðlilegum verðlagshækkunum á öðrum kostnaðarliðum.

**Fræðslumál.** Hækkun fjárveitinga til fræðslumála, 493.5 m.kr., kemur einkum fram á eftirtöldum liðum: Barna- og gagnfræðastigsskólar 293.8 m.kr., þar af laun 274.1 m.kr., annar rekstur 12.4 m.kr. og byggingar 7.3 m.kr., Háskóli Íslands 64.7

m.kr., menntaskólar 48.8 m.kr., þar af byggingar 7.2 m.kr., lánasjóður íslenzkra násmanna 13.4 m.kr., Heyrnleysingjaskólinn 12.7 m.kr., þar af bygging 7.8 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 78.4 m.kr., að miklu leyti vegna launahækkana. Markaðir tekjustofnar lækka um 18.3 m.kr., vegna þess að námsbókagjald, 19.3 m.kr. í fjárlögum 1971, hefur verið fellt niður, en einkaleyfisgjald frá Happraætti Háskóla Íslands, sem rennur til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna, hækkar um 1.0 m.kr.

**Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi.** Á þessum málefnaflokkum kemur fram 41.9 m.kr. hækkun, þar af byggingarsjóður þjóðarbókhöfðu 13.5 m.kr., þjóðleikhús 9.6 m.kr., símfónihljómsveit 8.6 m.kr., íþróttasjóður 8.0 m.kr. og ýmsir aðrir liðir 12.8 m.kr. Markaðir tekjustofnar lækka um 10.6 m.kr. Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum lækka um 12.0 m.kr., hluti Íþróttasambands Íslands af gjaldi af seldum vindlingum um 0.5 m.kr. og sektir og upptækar vörur til menningarsjóðs, 1.3 m.kr. í fjárlögum 1971, verða nú almennur tekjuliður ríkissjóðs. Á hinn bóginn hækkar skemmtanaskattur um 2.7 m.kr. og miðagjald til menningarsjóðs um 0.5 m.kr.

**03 Utanríkisráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyrar:

	Breyt. frá fjárl. '71
Yfirstjórn .....	9.5
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli .....	11.0
Sendiráð .....	6.9
Alþjóðastofnanir .....	3.9

Samtals 31.3

**Yfirstjórn.** Af hækkuninni, 9.5 m.kr., stafa 1.3 m.kr. af tilfærslu ferðakostnaðar af sendiráðunum á aðalskrifstofu ráðuneytisins, kostnaður við flutning starfsfólks milli landa og skyldir liðir hækka um 2.6 m.kr. og þátttaka í alþjóðaráðstefnum um 1.0 m.kr. Afgangur hækkunarinnar, 4.6 m.kr., stafar að mestu af launahækkunum.

**Löggæzla á Keflavíkurflugvelli.** Hækkunin, 11.0 m.kr., á að mestu rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

**Sendiráð.** Hér kemur fram 6.9 m.kr. hækkun, en með tilliti til áður nefndrar tilfærslu ferðakostnaðar svo og vaxtakostnaðar er hækkunin í raun 10.1 m.kr. Launaliður hækkar um 8.6 m.kr., en komið hefur verið á föstu kerfi varðandi laun og skylda liði, sbr. næsta hluta greinargerðarinnar. Viðhaldsliður hækkar um 1.0 m.kr., einkum vegna viðgerðar bústaðanna í London, Moskvu og Stokkhólmi, og kostnaðaraukning á öðrum liðum nemur 0.5 m.kr.

**Alþjóðastofnanir.** Helztu breytingar eru skýrðar í næsta hluta greinargerðarinnar.

**04 Landbúnaðarráðuneytið.** Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða þessar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn .....	3.8	—
Búnaðarmál .....	69.3	÷0.7
Önnur mál .....	15.5	—
Samtals	88.6	÷0.7

**Yfirstjórn.** Hækkunin, 3.8 m.kr., stafar af 1.5 m.kr. auknu framlagi til jarðeigna ríkisins, vanáætlun nefndakostnaðar og nýráðningu á aðalskrifstofu ráðuneytisins 1.0 m.kr. og eðlilegum launa- og verðlagshækkunum 1.3 m.kr.

**Búnaðarmál.** Heildarhækkunin á framlögum til búnaðarmála, 69.3 m.kr., kemur þannig fram: Framlag til Landnáms ríkisins hækkar um 23.7 m.kr. skv. lögum, til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 22.0 m.kr., til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, mótframlag, 9.0 m.kr., til framræslu 5.0 m.kr. og til jarðræktar 3.3 m.kr. Kostnaður við starfsemi Búnaðarfélags Íslands hækkar um 5.9 m.kr., skógræktar um 5.1 m.kr., embættis yfirdýralæknis 4.6 m.kr., landgræðslu 3.3 m.kr., og aðrir liðir hækka um samtals 12.1 m.kr. Á móti lækkar aðstoð við bændur um 19.0 m.kr. og niður falla framlög til veðdeildar Búnaðarbankans 2.5 m.kr. og til súgþurrkunar 2.5 m.kr. Markaðir tekjustofnar lækka um 0.7 m.kr., þ. e. hluti Landgræðslusjóðs af tekjum af seldum vindlingum.

**Önnur mál.** Í þessum málefnaflokkum eru bændaskólarnir tveir og Garðyrkju-skólinn að Reykjum. Af heildarhækkuninni, 15.5 m.kr., eru 5.0 m.kr. vegna rekstrar og 10.5 m.kr. vegna byggingaframkvæmda.

**05 Sjávarútvegsráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn .....	2.3	—
Útvegsból .....	15.5	0.6
Önnur mál .....	2.3	—
	<hr/>	<hr/>
Samtals	20.1	0.6

**Útvegsból.** Kostnaður við rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar hækkar um 9.8 m.kr., Fiskmat ríkisins um 7.1 m.kr., Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um 3.7 m.kr., og aðrir liðir um 1.4 m.kr., einkum vegna eðlilegra launahækkana. Á hinn bóginn lækkar fjárbörf byggingarsjóða hafrannsóknaskips og sildarleitarskips um samtals 7.1 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 0.6 m.kr., þ. e. ferskfiskmatsgjald um 0.7 m.kr., en hluti byggingarsjóðs hafrannsóknaskips og bygginga rannsóknastofnana sjávarútvegsins af útflutningsgjaldi lækkar um 0.1 m.kr. Nettóhækkunin á þessum málefnaflokkum er því 15.5 m.kr.

**Önnur mál,** þ. e. Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna, hækkar um 2.3 m.kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana og aukins kostnaðar við húsrými á Keldnaholti.

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.** Þessar breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyrar:

	Breyt. frá fjárl. '71
Yfirstjórn .....	0.4
Dómgæzla, lögreglumál o. fl. ....	126.9
Þjóðkirkjan .....	22.9
	<hr/>
Samtals	150.2

**Yfirstjórn.** Hækkunin skýrist þannig, að kostnaður við aðalskrifstofu og stjórnartíðindi hækkar um 3.2 m.kr., en niður fellur sérstök fjárveiting vegna Alþingiskosninga 1971, 2.8 m.kr.

**Dómgæzla, lögreglumál o. fl.** Af heildarhækkuninni á þessum málefnaflokkum, 126.9 m.kr., stafa 36.1 m.kr. af auknum kostnaði við löggæzlu, 30.6 m.kr. við landhelgisgæzlu, þar af 15.0 m.kr. til aukningar landhelgisgæzlu eftir 1. september 1972, og 25.4 m.kr. við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, þar af 22.9 m.kr. vegna launahækkana, og 2.5 m.kr. vegna annars rekstrarkostnaðar. Ýmsir aðrir liðir hækka um samtals 34.8 m.kr.

**Þjóðkirkjan.** Framlag hækkar um 22.9 m.kr., þar af eðlilegar launahækkunar presta og prófasta 16.2 m.kr., kristnisjóður 2.2 m.kr., Hallgrímskirkja í Reykjavík 1.0 m.kr., kirkjubyggingasjóður 0.5 m.kr. og aðrir liðir 3.0 m.kr.

**07 Félagsmálaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn .....	1.8	—
Húsnæðismál .....	48.7	48.2
Önnur félagsmál .....	÷20.6	÷6.4
	<hr/>	<hr/>
Samtals	29.9	41.8

**Húsnæðismál.** Hækkun, 48.7 m.kr., kemur þannig fram, að tekjustofnar markaðir þessum málefnaflokki hækka um 48.2 m.kr., þ. e. hluti byggingasjóðs af launaskatti 36.4 m.kr. og byggingasjóðsgjöld af innflutningi og tekju- og eignarskatti 11.8 m.kr., og kostnaður við húsnæðismálastjórn hækkar um 0.5 m.kr.

**Önnur félagsmál.** Á þessum málefnaflokkum kemur fram 20.6 m.kr. lækkun, sem skýrist þannig: Niður fellur sérstakt framlag til atvinnuþjófnumarsjóðs, 10.0 m.kr., framlag til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga, 9.0 m.kr. í fjárlögum 1971, flyzt á fjármálaráðuneytið, framlag til vatnsveitna skv. lögum lækkar um 2.5 m.kr., og niður falla byggingarstyrkir til Geðverndarfélagssins, Sjálfsbjargar og Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra, samtals 4.0 m.kr. Markaðir tekjustofnar lækka um 6.4 m.kr., þ. e. álgjald 5.7 m.kr. og erfðafjárskattur 1.0 m.kr., en nettóhækkun annarra stofna nemur 0.3 m.kr. Hins vegar hækka framlög til lánasjóðs sveitarfélaga um 2.5 m.kr., heimilis- hjálpar 3.0 m.kr., meðlaga skv. lögum um 3.7 m.kr. og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 2.1 m.kr.

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn .....	4.2	—
Tryggingamál .....	871.9	234.8
Heilbrigðismál .....	÷10.7	÷0.4
Önnur mál .....	8.5	—
	<hr/>	<hr/>
Samtals	873.9	234.4

**Yfirstjórn.** Af hækkuninni, 4.2 m.kr., stafa 2.0 m.kr. af nýráðningu starfsfólks, 0.9 m.kr. af eðlilegum launahækkunum og 1.3 m.kr. af nefndakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði.

**Tryggingamál.** Aukning framlags til almannatrygginga að meðtöldum atvinnuleysistryggingum hækkar um 871.9 m.kr. Sú tala inniheldur hlut hinna tryggðu og atvinnurekenda 234.8 m.kr., þannig að eiginleg útgjaldaaukning ríkissjóðs er 637.1 m.kr. Skiptist sú hækkun þannig, að 246.7 m.kr. koma á lífeyristryggingar, 370.5 m.kr. á sjúkratryggingar og 19.9 m.kr. á atvinnuleysistryggingar. Nánari skýringar eru í næsta hluta greinargerðarinnar.

**Heilbrigðismál.** Framlag til heilbrigðismála lækkar í heild um 10.7 m.kr., og kemur sú lækkun þannig fram: Fávitaframsærsla, sem í fjárlögum 1971 nam 61.4 m.kr., er færð af þessum lið á Tryggingastofnun ríkisins, kostnaður við embætti landlæknis hækkar um 18.3 m.kr., einkum vegna launa héraðslækna, framlag til ríkis-



spítala hækkar um 10.5 m.kr., þ. e. til bygginga og tækjakaupa 34.3 m.kr., en framlag til rekstrar, 23.8 m.kr. í fjárlögum 1971 fellur nú niður, til sjúkrahúsa og lækna-bústaða, einkum byggingarframlag, um 5.9 m.kr., og loks er tekin upp sérstök fjár-veiting til sveitarfélaga til tæknaðstoðar á sviði mengunarmála 3.0 m.kr. Aðrir liðir hækka um samtals 13.0 m.kr.

**Önnur mál.** Af heildarhækkuninni á þessum lið, 8.5 m.kr., stafa 8.0 m.kr. af hækkun framlags til gæzlúvistarsjóðs og aðrir liðir hækka um 0.5 m.kr.

**09 Fjármálaráðuneytið.** Á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra, verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn .....	8.4	—
Toll- og skattheimta .....	51.6	5.8
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun .....	87.3	—
Önnur mál .....	35.4	÷ 2.0
	<hr/>	
Samtals	182.7	3.8

**Yfirstjórn.** Hækkunin, 8.4 m.kr., á rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlags-hækkana 7.9 m.kr. og tækjakaupa ríkisbókhalds og ríkisfjárhirzlu 0.5 m.kr.

**Toll- og skattheimta.** Kostnaður við toll- og skattheimtu eykst um 51.6 m.kr., þar af skattstofur og embætti ríkisskattstjóra 21.5 m.kr., tollstjórinn í Reykjavík 18.4 m.kr., tollstöðvar (tollstöðvargjald — markaður tekjustofn) 5.8 m.kr. og aðrir liðir 5.9 m.kr.

**Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun.** Hækkunin á þessum málefnaflokki, 87.3 m.kr., er fyrst og fremst vegna uppbóta á lífeyri, sem hækka um 86.5 m.kr. Afgangurinn, 0.8 m.kr., er vegna verðlagsuppbóta á önnur eftirlaun og styrktarfé.

**Önnur mál.** Á þessum málefnaflokki kemur fram 35.4 m.kr. hækkun, er skýrist þannig: Framlag til togaralána hækkar um 29.1 m.kr., vextir af lánum, sem nú eru að mestu færðir á þennan lið, um 15.7 m.kr., og framlag til lífeyrissjóða verkalýðs-félaga, 12.5 m.kr., er fært á þennan lið af félagsmálaráðuneytinu. Á móti lækka framlög til ríkisábyrgðasjóðs um 10.0 m.kr., þar af áhættuiðgjald vegna ríkisábyrgða (markaður tekjustofn) 2.0 m.kr., til óvissra útgjalda um 5.0 m.kr., til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins um 3.7 m.kr. vegna aukinna eigin tekna deildarinnar, og nettólækkun annarra liða nemur 3.2 m.kr.

**10 Samgönguráðuneytið.** Málefnaflokkar á vegum þessa ráðuneytis breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn .....	2.2	—
Vegamál .....	267.4	261.6
Önnur samgöngumál .....	88.8	0.7
	<hr/>	
Samtals	358.4	262.3

**Vegamál.** Framlag vegna rekstrar og framkvæmda hækkar um 267.4 m.kr., en þar af nemur hækkun markaðra tekjustofna vegasjóðs, sem ekki ganga til afborgunar lána vegasjóðs, 261.6 m.kr. Beint framlag ríkissjóðs hækkar því um 5.8 m.kr. og verður 49.3 m.kr., þar af 2.2 m.kr. til að bæta þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl.

**Önnur samgöngumál.** Hækkunin, 88.8 m.kr., skýrist þannig, að framlag til flugmála hækkar um 41.3 m.kr., þar af framkvæmdir 19.0 m.kr., til veðurstofu um 17.8 m.kr., þar af bygging og tækjakaup 12.1 m.kr., til Skipaútgerðar ríkisins um 13.2 m.kr. miðað við óbreytt farmgjöld og til annarra liða um samtals 16.5 m.kr., þar af markaðir tekjustofnar 0.7 m.kr., þ. e. skipaskoðunargjald 0.1 m.kr. og sérleyfisgjald 0.6 m.kr.

**11 Iðnaðarráðuneytið.** Málefnaflokkar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn .....	2.0	—
Iðnaðarmál .....	6.9	0.8
Orkumál .....	41.3	2.8
	<hr/>	<hr/>
Samtals	50.2	3.6

**Iðnaðarmál.** Á þessum málefnaflokki kemur fram 6.9 m.kr. nettóhækkun. Framlög til Iðnþróunarstofnunar Íslands hækka um 2.2 m.kr., til Rannsóknastofnunar iðnaðarins um 4.8 m.kr., þar af 2.2 m.kr. vegna kaupa á slit- og togþolstæki, til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um 3.5 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum, þ. m. t. markaðir tekjustofnar, er 0.7 m.kr. Hins vegar kemur fram 4.3 m.kr. nettólækkun á framlögum til iðju og iðnaðar, en á þeim lið lækkar framlag vegna tækniástoðar S. þ. um 4.0 m.kr.

**Orkumál.** Af heildarhækkuninni, 41.3 m.kr., stafa 18.0 m.kr. af hækkun framlags til sveitarafvæðingar, 13.1 m.kr. af hækkun lánagreiðslna Orkusjóðs og eðlilegar kostnaðarhækkunir við rekstur Orkustofnunar nema 10.2 m.kr. að meðtalinni hækkun rafmagnseftirlitsgjalds (markaður tekjustofn) 2.8 m.kr.

**12 Viðskiptaráðuneytið.** Helztu breytingar á málefnaflokkum, er tilheyrja þessu ráðuneyti, eru eftirfarandi:

	Breyt. frá fjárl. '71
Yfirstjórn .....	1.8
Niðurgreiðslur .....	508.4
Annað .....	3.1
	<hr/>
Samtals	513.3

**Niðurgreiðslur.** Áætlun um niðurgreiðslur á árinu 1972 byggist á niðurgreiðslustigi fyrir 1. september s. l. og er í heild 1 635.4 m.kr.

**13 Hagstofa Íslands.** Hækkun 4.3 m.kr. og

**14 Ríkisendurskoðun.** Hækkun 4.0 m.kr. stafar í báðum tilvikum að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

#### Tekjuhlíð.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1972 er, eins og á undanförunum árum, unnin í Efnahagsstofnuninni. Grundvallast áætlunin á þjóðhagsspa stofnunarinnar fyrir það ár, sem gerð er grein fyrir í fylgiskjali með þessu frumvarpi. (Fylgiskjal I). Meginþættir þjóðhagsspárinnar eru þessir: Gert er ráð fyrir, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar aukist í heild um 8%, þar af sjávarvöruframleiðslan um

5.5%. Þjónustuútflutningur er talinn munu aukast um 5.3% og útflutningsverðmæti í heild um rúmlega 8%. Áætluð er aðeins 0.5% aukning fjármunamyndunar í heild, en 9%, ef frá er talinn innflutningur skipa og flugvéla, rúmlega 7% aukning einkaneyzlu og 5% aukning samneyzlu. Þá er gert ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist að verðmæti um 14%, og hefur þá verið gert ráð fyrir erlendri verðhækkun um 3—4%. Þessar spár um þróun eftirspurnar fela í sér 7—8% aukningu almennrar innlendrar verðmætarádstöfunar, 6% aukningu þjóðarframleiðslu og 5% aukningu þjóðartekna.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 14 270.0 m.kr. á móti 11 534.7 m.kr. í fjárlögum 1971. Nemur hækkunin því 2 735.3 m.kr., eða 23.7%. Af heildartekjunum eru markaðir tekjustofnar á rekstrarreikningi og lánahreyfingum samtals 2 761.4 m.kr., en voru 2 210.5 m.kr. í fjárlögum 1971, og er hækkunin 550.9 m.kr. eða 24.9%. Samkvæmt þessu hækka eiginlegar tekjur ríkissjóðs um 2 184.4 m.kr., eða 23.4%.

**Persónuskattar.** Áætlað er, að persónuskattar hækki um 215.5 m.kr. frá fjárlögum 1971. Er þar annars vegar um að ræða gjöld til almannatrygginga, þ. m. t. atvinnuleysistryggingar, sem hækka um samtals 234.8 m.kr. vegna áorðinna gjalda-hækkana og fjölgunar gjaldskyldra aðila, en hins vegar hefur námsbókagjald, sem áætlað var 19.3 m.kr. í fjárlögum 1971, verið fellt niður með bráðabirgðalögum.

**Eignarskattar.** Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 22.9 m.kr. hærri en í fjárlögum 1971. Hækkun eignarskatts einstaklinga er áætluð 14.6 m.kr. og eignarskatts féлага 9.3 m.kr. Til grundvallar er lögð álagning 1971 og spáð 8% aukningu á árinu 1972. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að tekjur af erfðafjárskatti lækki um 1.0 m.kr. sökum óvenjulegrar aukningar á skiptingu dánarbúa að undanförunu.

**Tekjuskattar.** Áætluð er 574.4 m.kr. hækkun á tekjusköttum, og er þá gert ráð fyrir 23.0% hækkun nettótekna frá ársmeðaltali 1970 til ársmeðaltals 1971, og er það sama breyting og áætlað er að verði á heildaratvinnutekjum milli sömu ára. Engin tilraun er gerð til að spá í niðurstöðu kjarasamninga þeirra, sem nýlega eru hafnir. Samkvæmt 53. gr. laga nr. 68/1971 skal skattvísitala ákveðin í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1972. Hér er gert ráð fyrir, að skattvísitala breytist í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar milli meðaltals árána 1970 og 1971. Miðað við að gildandi skattvísitala sé sett 100.0 stig, verður skattvísitala við álagningu árið 1972 106.5 stig. Tekjuskattur einstaklinga er í samræmi við framansagt áætlaður 511.6 m.kr. hærri en í fjárlögum 1971 og tekjuskattur féлага 62.8 m.kr. hærri.

**Gjöld af innflutningi.** Þessi gjöld eru áætluð samtals 1 294.0 m.kr. hærri en í fjárlögum 1971. Þessi áætlun er byggð á framangreindri spá um 7—8% aukningu ráðstöfunartekna á árinu 1972 og 14% aukningu almenns vöruinnflutnings. Meðaltollhlutfall er áætlað 23.3%, eða óbreytt frá áætlun í fjárlögum 1971. Af heildarhækkuninni nemur tekjuhækkun ríkissjóðs af almennum aðflutningsgjöldum 1 073.4 m.kr., innflutningsgjald af benzíni 210.0 m.kr. og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 10.6 m.kr.

**Skattar af framleiðslu.** Hér er áætlun í heild 4.7 m.kr. lægri en í fjárlögum 1971, sem skýrist þannig, að tekjur af álgjaldi eru áætlaðar 5.7 m.kr. lægri sökum verðfalls og sölutregðu á heimsmarkaði, en nettóhækkun á öðrum sköttum í þessum flokki er 1.0 m.kr.

**Skattar af seldum vörum og þjónustu.** Hækkun í þessum flokki skatta er áætluð 512.0 m.kr., þar af söluskattur til ríkissjóðs 252.1 m.kr. vegna þeirrar aukningar veltu, sem felst í þjóðhagsspánni. Þá eru tekjur af launaskatti áætlaðar 277.1 m.kr. hærri en í fjárlögum 1971, einkum vegna mun herra launastigs og þess, að hækkun skattsins um 1.5 prósentustig sem hluti verðstöðvunaraðgerðanna gildir nú allt árið í stað tveggja þriðju hluta ársins í fjárlagaáætlun 1971. Söluhagnaður ÁTVR er hins vegar áætlaður 20.0 m.kr. lægri en í fjárlögum 1971 vegna minnkaðrar tóbaks-sölu, og nettóhækkun á öðrum liðum er 2.8 m.kr.

Aðrir óbeinir skattar hækka um samtals 93.3 m.kr., og munar þar mest um hækkun tekna af bifreiðaskatti 78.7 m.kr. Hluti af umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna hækkar um 17.5 m.kr., en niður fellur bifreiðaskattur vegna hægri umferðar, 17.5 m.kr. í fjárlögum 1971. Aðrir liðir hækka um samtals 14.6 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjuaukning á þessum lið er áætluð 28.5 m.kr. fyrst og fremst vegna mikillar aukningar umferðar og viðskipta á Keflavíkurflugvelli. Þannig aukast tekjur frá flugmálastjórn þar um 17.6 m.kr. og frá frihöfninni um 10.7 m.kr. Aðrir liðir hækka um 0.2 m.kr.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar því nær óbreyttar frá fjárlögum 1971, eða 0.6 m.kr. lægri. Helstu innbyrðis breytingar eru þær, að tekjur af sameignum ríkisins hækka um 2.7 m.kr., en lækkun verður á sektum og upptækum vörum til ríkissjóðs 1.4 m.kr., á vaxtatekjum 1.0 m.kr. og á öðrum liðum 0.9 m.kr.

### Lánahreyfingar.

Sú breyting hefur verið gerð á færslu lánahreyfinga út, þ. e. afborgana af teknum lánun, í A-hluta, að mun fleiri greiðslur af þessu lagi en áður eru nú færðar á liðinn „Ýmis lán ríkissjóðs“ í fjármálaráðuneytinu í stað þess að færa þær á hlutaðeigandi stofnanir. Er unnið að því í ríkisbókhaldinu að skrá þar öll lán, sem endurgreiðast af beinum fjárveitingum, en í nokkrum tilvikum eru afborganir þó færðar á hlutaðeigandi stofnun, þar sem sérstaklega stendur á, einkum þegar viðkomandi stofnanir standa undir endurgreiðslu lána með eigin tekjum. Lánahreyfingar út nema samtals 254 451 þús. kr. og lánahreyfingar inn samtals 3 800 þús. kr., þannig, að halli verður 250 651 þús. kr. Lánahreyfingar inn, þ. e. endurgreiðslur afborgana af veittum lánun, eru óbreyttar frá fjárlögum 1971, en lánahreyfingar út hækka um 9 575 þús. kr. Sýnir eftirfarandi yfirlit samanburð á lánahreyfingum út í fjárlögum 1971 og frumvarpi 1972:

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárln. '71	Fjárln.frv. '72	Mism.
01 902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	2	2	—
02 201	Háskóli Íslands	260	262	2
02 232	Rannsóknaráð ríkisins	792	1 578	786
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	865	765	÷ 100
02 921	Þjóðgarðurinn, Skaftafelli	326	326	—
04 206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	290	—	÷ 290
04 231	Skógrækt ríkisins	370	370	—
04 241	Landnám ríkisins	—	340	340
09 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Menntaskólinn í Reykjavík	573	575	2
	Menntaskólinn á Akureyri	507	507	—
	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	750	—
	Menntaskólinn við Hamrahlíð	2 653	3 429	776
	Kennaraskóli Íslands	814	814	—
	Tækniskólinn	287	287	—
	Hjúkrunarskóli Íslands	308	308	—
	Héraðsskólinn Reykholti	—	34	34
	Heyrnleysingjaskólinn	3 722	3 820	98
	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	—	436	436
	Sendiráðið í Osló	37	37	—
	Sendiráðið í Stokkhólmi	841	845	4
	Sendiráðið í Washington	224	312	88
	Sendinefnd Íslands hjá S. þ.	1 107	448	÷ 659

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárlnr. '71	Fjárlnr. frv. '72	Mism.
	Fastanefnd Íslands hjá EFTA .....	—	306	306
	Bændaskólinn á Hvanneyri .....	—	10	10
	Lögreglustöðin í Reykjavík .....	5 434	5 723	289
	Landspítalinn .....	7 607	7 232	÷ 375
	Skattstofa Suðurlands .....	7	7	—
	Handhafalán v. Tjarnargötu 3 .....	—	318	318
	Handhafalán v. Vonarstrætis 8 .....	850	850	—
	Sparisjóður Reykjavíkur v. Vonarstrætis 8 ..	40	40	—
	Lífeyrissj. verzlunarm. v. Vonarstrætis 8 ....	16	16	—
	Handhafalán v. biskupsbústaðar .....	358	358	—
	Sparisj. Reykjavíkur v. biskupsbústaðar ....	35	35	—
	Handhafalán v. prestsbúst. á Húsavík .....	—	100	100
	Veðdeild Landsb. v. prestsbúst. á Húsavík ..	—	2	2
	Handhafalán v. prestsbúst. í Hveragerði ....	—	32	32
	Veðdeild Landsb. v. prestsbúst. í Hveragerði	—	8	8
	Handhafalán v. prestsbúst. á Blönduósi ....	—	94	94
	Veðdeild Landsb. v. prestsbúst. á Blönduósi ..	—	4	4
	Landsb. Ísl. á Selfossi v. prestsbúst. í Vík ..	86	86	—
	Lífeyrissj. starfsm. ríkisins v. prestsbúst. í Vík	—	5	5
	Prestakallasjóður .....	—	117	117
	Lán v. hlutabréfakaupa í Áburðarverksm. ....	—	5 838	5 838
	Ferðamálasjóður .....	—	58	58
	Handhafalán v. eignakönnunar .....	374	374	—
	Handhafalán v. Kirkjustrætislóða .....	2 050	2 050	—
	Handhafalán v. Skjaldbreiðareignar .....	750	750	—
	Seðlabankinn v. Skjaldbreiðareignar .....	800	800	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 12 .....	—	352	352
	Seðlabankinn v. Vonarstrætis 12 .....	350	350	—
	Spariskírteinal. v. stofnframlags til Lands-			
	virkjunar .....	4 555	4 556	1
	PL 480 v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju .....	1 805	1 805	—
	Landsb. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju .....	200	200	—
	Framkvj. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju ....	3 390	3 391	1
	Búnaðarbankinn Sauðárkróki .....	—	600	600
	Handhafalán v. Túngötu 7 .....	733	733	—
	Seðlabankinn v. Drangsness .....	14	14	—
	Seðlabankinn v. skólabygginga í Reykjavík ..	5 000	5 000	—
	Seðlabankinn v. Áburðarsölu .....	4 900	5 200	300
	Seðlabankinn v. framlags til Atvinnumála-			
	nefndar ríkisins .....	14 300	14 300	—
	Tryggingast. v. húsnæðis fyrir geðsjúklinga ..	150	150	—
	Brunabótaféll. v. Seyðisfjarðarhúsa .....	14	14	—
	Byggingasj. Listasafns Ísl. v. Kjarvalshúss ..	75	75	—
	Seðlabankinn v. yfirdráttarskuldar .....	100 000	100 000	—
	Spariskírteinalán v. Perlusteinsvinnsluranns.	250	250	—
	Vegagerð v. Vestfjarðaáætlunar .....	11 600	6 724	÷ 4 876
	Vegagerð v. Landsvegur .....	—	1 500	1 500
	Vegagerð v. Ólafsfjarðarvegur .....	2 170	766	÷ 1 404
	Vegagerð v. Siglufjarðarvegur .....	12 210	2 893	÷ 9 317
	Vegagerð v. Reykjanesbrautar .....	23 800	23 282	÷ 518
	Vegagerð v. Suðurfjarðavegar .....	1 480	159	÷ 1 321
	Vegagerð v. Suðurlandsvegur .....	1 000	442	÷ 558

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárln. '71	Fjárln.frv. '72	Mism.
	Vegagerð v. Ólafsvikurvegar .....	1 170	713	÷ 457
	Vegagerð v. Kísilvegur .....	7 800	2 458	÷ 5 342
	Vegagerð v. Hafnarfjarðarvegur .....	—	1 333	1 333
	Vegagerð v. Austurlandsvegur .....	390	—	÷ 390
	Vegagerð v. Heydalsvegur .....	510	—	÷ 510
	Vegagerð v. Skeiða- og Þjórsárdalsvegur ....	2 400	—	÷ 2 400
	Vegagerð annað .....	6 900	—	÷ 6 900
	Seðlabankinn v. lánadeildar smáibúða .....	2 344	—	÷ 2 344
	Seðlabankinn v. framlags til IDA .....	969	—	÷ 969
	Bygging prestssetra .....	224	—	÷ 224
10 211	Vegagerð ríkisins .....	—	34 745	34 745
10 656	Landmælingar .....	250	200	÷ 50
11 201	Iðnþróunarstofnun Íslands .....	788	788	—
	Samtals	244 876	254 451	9 575

Yfirlitið skýrir sig að mestu leyti sjálft, en þó skal vakin athygli á lánagreiðslum, sem ríkissjóður hefur yfirtekið af vegagerð, en afborganir af þeim lánum nema samtals 40 270 þús. kr., þar af 23 282 þús. kr. framlag úr vegasjóði til endurgreiðslu lána, er hvíla á Reykjanesbraut, þ. e. veggjald 17 000 þús. kr. og beint framlag 6 800 þús. kr., samtals 23 800 þús. kr., en 518 þús. kr. af þeirri fjárhæð ganga til endurgreiðslu vaxta og verðbóta. Þar að auki nema afborganir lána vegagerðarinnar sjálfar 34 745 þús. kr. Loks nema afborganir ríkissjóðs af lánum vegna innlausnar hlutabréfa í Áburðarverksmiðjunni 5 838 þús. kr.

#### Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Eins og greint er frá hér að framan, valda launahækkunir samkvæmt kjarasamningum verulegum hluta þeirrar heildarhækkunar útgjalda, sem verður frá fjárlögum ársins 1971. Hafa þessi áhrif þegar verið rakin í stórum dráttum eftir því sem kostur hefur verið á grundvelli þeirra takmörkuðu upplýsinga, sem fyrir hendi eru varðandi sundurgreiningu hinna einstöku orsaka fyrir heildarhækkun launa. Í þessum hluta greinargerðarinnar er því ekki ástæða til að fjalla um stofnanir, þar sem heildarhækkun útgjalda á að mestu eða öllu leyti rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Þó verður slíkra áhrifa getið, þar sem þess þykir sérstök þörf til skýringar.

#### 00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 **Alþingi.** Fjárveiting til Alþingis hækkar um 37 774 þús. kr., þar af launaliður um 32 224 þús. kr., eða 68.8%. Af einstökum viðfangsefnum hækkar liðurinn þingfararkaup alþingismanna mest, eða um 23 521 þús. kr., sem á rætur að rekja til þess, að á síðasta þingi var ákveðið að færa alþingismenn úr 19. launaflokki í B III. Liðurinn skrifstofu- og alþingiskostnaður hækkar um 12 350 þús. kr., þar af 8 540 þús. kr. vegna launahækkana. Rekstur fasteigna hækkar um 898 þús. kr., útgáfukostnaður Alþingistiðinda um 500 þús. kr., aðrir liðir um 105 þús. kr., og loks er kostnaður við þingmannasamtök NATO, 400 þús. kr., fluttur á þennan fjárlagalið af utanríkisráðuneytinu.

## 01 Forsætisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hér kemur fram 1 990 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig, að niður fellur sérstök fjárveiting til breytinga á Arnarhvoli, 5 000 þús. kr., og til flutnings á gestaskála á Þingvöllum 200 þús. kr. Aðrir liðir hækka því um 3 210 þús. kr., þar af aðalskrifstofa um 1 979 þús. kr., þ. e. föst laun 649 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 1 330 þús. kr., en þau hafa reynzt allverulega vanáætluð af hlutaðeigandi ráðuneyti á fjárlögum 1971. Þá hækkar kostnaður við hina íslenzku fálkaorðu um 340 þús. kr., viðhald ráðherrabústaðar um 209 þús. kr., og loks er hér færður í fyrsta sinn annar rekstur ráðherrabústaðar, 682 þús. kr., en sá liður var áður á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og var áætlaður 427 þús. kr. í fjárlögum 1971.

## 02 Menntamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Sú breyting hefur verið gerð, að fræðslumálaskrifstofan er nú deild í menntamálaráðuneytinu. Er það í samræmi við lög nr. 5/1968 og veldur að sjálfsögðu mikilli tölulegri kostnaðarhækkun á þessum fjárlagalið, en jafnframt fellur niður sérstök fjárveiting til fræðslumálaskrifstofunnar. Samtals nemur fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins 84 693 þús. kr. Í fjárlögum 1971 var fjárveiting til aðalskrifstofu 22 355 þús. kr. og til fræðslumálaskrifstofu 37 028 þús. kr. eða samtals 59 383 þús. kr., og nemur hækkunin því 25 310 þús. kr. Einstök viðfangsefni breytast sem hér segir: **Yfirstjórn** hækkar um 4 617 þús. kr., sem kemur þannig fram, að föst laun á aðalskrifstofu hækka um 3 925 þús. kr., kostnaður við nýtt starfsfólk nemur 1 414 þús. kr., þ. e. æskulýðsfulltrúi, sérfræðingur í skólarannsóknadeild, ritari í fjármála- og áætlunardeild og bifreiðastjóri fluttur af viðskiptaráðuneyti, og hækkun annarra launa 1 275 þús. kr. Rekstrarkostnaður á aðalskrifstofu eykst um samtals 1 687 þús. kr., m. a. vegna aukins leiguhúsnæðis, en á móti eru 3 684 þús. kr. færðar af yfirstjórn á liðinn endurskoðun námsefnis. Liðurinn námsstjórnar hækkar um 633 þús. kr., þannig að föst laun hækka um 603 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr. Kostnaður við **endurskoðun námsefnis** hækkar um 6 227 þús. kr. að meðtalinni áðurnefndri tilfærslu af yfirstjórn og verður því raunveruleg hækkun 2 543 þús. kr., og við **kennaranámskeið** um 1 043 þús. kr. Liðurinn **landspróf og samræmt gagnfræðapróf** hækkar um 1 376 þús. kr., m. a. vegna launahækkana. Kostnaður við **framkvæmd sundskyldu í skólum** eykst um 2 562 þús. kr., og er þá höfð hliðsjón af raunverulegum kostnaði árið 1970, en ríkissjóðshluti kostnaðarins greiðist ári eftir á, og við **skíðakennslu í skólum** um 95 þús. kr. Framlag til að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli til **framhaldsnáms** eykst um 10 000 þús. kr., og loks eykst framlag til **fyrirverandi barnakennara** um 20 þús. kr. Á móti falla niður tveir liðir, til **fræðslumyndasafns** 1 080 þús. kr. og til **bókmenntakynningar í skólum** 184 þús. kr., en starfsemi þessi hefur legið niðri að undanfögnu. Aðrir liðir breytast ekki.
- 201 **Háskóli Íslands.** Mjög veruleg hækkun verður á framlagi til Háskóla Íslands, eða 64 689 þús. kr. Auk launahækkunar í samræmi við kjarasamninga á sl. vetri, þar sem m. a. prófessorar voru hækkaðir úr 26. launaflokki í B II, er hér um tvær meginorsakir að ræða: Annars vegar fjölgun stúdenta, er nám stunda við skólann, og hins vegar framkvæmd nýrra reglugerða um kennslu-hætti í nokkrum deildum, sem miðar að aukinni og bættri kennslu og nýjum námsleiðum. Þannig áætlað háskólinn, að um næstu áramót verði heildarfjöldi stúdenta yfir 2000 á móti rösklega 1700 í janúar sl. Haustið 1970 gengu í gildi nýjar reglugerðir í læknadeild, lagadeild, viðskiptadeild og verkfræði- og raunvísindadeild, auk þess sem kennsla var hafin í almennum þjóðfélags-

fræðum. Þetta hafði í för með sér, að í ofangreindum deildum er nú kennt eftir tveimur reglugerðum samtímis, og veldur þetta í ýmsum tilfellum tvöföldun kennslu, svo sem í læknadeild og enn frekar verkfræðideild. Í verkfræði- og raunvísindadeild var námsleiðum fjölgað og enn fremur tekið upp B. S. nám í 6 raungreinum í stað B.A. náms, en kennslumagn til B.S. prófs er allmiklu meira en til B.A. prófs. Þá var tekin upp kennsla til lokaprófs í þeim verkfræðigreinum, sem áður voru kenndar til fyrri hluta, auk þess sem bætt var við efnaverkfræði og eðlisverkfræði til fyrri hluta prófs. Þessar nýju námsleiðir svo og stóraukin aðsókn að deildinni eru þess valdandi, að ekki verður hjá því komizt að auka kennaralið verulega, auk þess sem afla þarf viðbótar leiguhúsnæðis og aukins magns kennslutækja.

Yfirstjórn hækkar um 2 560 þús. kr., þar af laun 1 559 þús. kr., ráðning nýs deildaritarara 430 þús. kr. og önnur rekstrargjöld, einkum simkostnaður, 571 þús. kr. Kostnaður við guðfræðideild eykst um 1 412 þús. kr., fyrst og fremst vegna launahækkana. Læknadeild. Kostnaður hækkar um 8 153 þús. kr., þar af föst laun og stundakennsla 6 796 þús. kr., nýjar stöður 1 695 þús. kr., þ. e. 3 aðjúntar í efnafræði, aðjúntt í geðsjúkdómafræði, aðjúntt í sálarfræði, 2 aðjúntar í lyflæknisfræði, aðjúntt í skurðlækningum og lektor í líffærafræði frá 1. júní 1972. Rekstrargjöld hækka um 762 þús. kr., einkum vegna líkskurðarnámskeiða í Skotlandi. Á hinn bóginn fellur niður viðhaldsliður 150 þús. kr. og tækjakaup, sem voru 950 þús. kr. í fjárlögum 1971, eru færð á sameiginlegan lið. Tannlækningar. Hækkun nemur 3 271 þús. kr., þar af launahækkunarir 2 996 þús. kr. og önnur rekstrargjöld og viðhald samtals 625 þús. kr., en tækjakaup, 350 þús. kr. í fjárlögum 1971, flytjast á sameiginlegan lið. Lyfjafræði lyfsala hækkar um 577 þús. kr., þar af breyting dósentsstöðu í prófessorsstöðu 115 þús. kr., lyfjafræðingur í hluta starfs 183 þús. kr., föst laun og stundakennsla 489 þús. kr., rekstrargjöld 40 þús. kr., en tækjakaup, sem voru 250 þús. kr. í fjárlögum 1971, flytjast á sameiginlegan lið. Lagadeild. Hækkun er 2 757 þús. kr., þar af föst laun og stundakennsla 2 422 þús. kr. og laun prófessors, sem samþykktur var frá miðju ári 1971, koma nú fram að fullu, og hækka því um 335 þús. kr. Viðskiptadeild. Kostnaður hækkar um 2 411 þús. kr. Hækkun fastra launa og stundakennslu nemur 1 597 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir ráðningu nýs prófessors, 671 þús. kr., og breytingu tveggja lektorsstaða í dósentsstöður 343 þús. kr., en tækjakaup, 200 þús. kr. í fjárlögum 1971, færast á sameiginlegan lið. Heimspékideild. Hækkun nemur 8 484 þús. kr., þar af föst laun og stundakennsla 7 320 þús. kr. Þá er tekin inn fjárveiting til rannsóknastofa í sagnfræði, bókmenntum og norrænum málvísindum á grundvelli reglugerðar, sem staðfest hefur verið, aðallega útgáfukostnaður, 650 þús. kr., til sumarnámskeiðs fyrir stúdenta frá Norðurlöndum 615 þús. kr., til námskeiðs í þjóðsagna- og þjóðkvæðafræðum 146 þús. kr., en niður fellur staða kennslustjóra 147 þús. kr. og tækjakaup 100 þús. kr. Verkfræðideild. Heildarkostnaður eykst um 15 530 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu 12 nýrra kennara með fullri kennsluskyldu í svokallaðri verkfræðiskor, er hafi 40% prófessorslauna, en verði undanþegnir rannsóknaskyldu. Hér er um nýskipan að ræða, er miðast við það, að umræddir kennarar sinni jafnframt öðrum störfum á sviði atvinnulífsins. Tilgangur þessarar nýskipunar er sá að leita eftir nánari tengslum kennslunnar við atvinnulífið, en forðast jafnframt, að sívaxandi þörf háskólakennslunnar fyrir sérhæfða kennslukrafta á þessu sviði dragi um of til sín þjónustu þessara aðila frá atvinnuvegum þjóðarinnar. Af þessum 12 stöðum eru 4 í byggingarverkfræði, 3 í véla- og skipaverkfræði og 5 í rafmagnsverkfræði, og er kostnaður áætlaður samtals 2 057 þús. kr. Aðrar nýjar stöður eru 2 dósentar í efnafræði ásamt tækjaverði, samtals 857 þús. kr., dósent í hagnýtri stærðfræði og 2 aðjúntar í stærðfræði



805 þús. kr., svo og prófessor og 4 aðjúnktar í náttúrufræði, 1 398 þús. kr. Samtals er kostnaður við nýráðningar, sem ýmist miðast við heilt ár eða hluta úr ári, 5 117 þús. kr. Hækkun fastra launa, stundakennslu og launatengdra gjalda, nemur samtals 7 961 þús. kr., til rannsókna kennara í náttúrufræði 658 þús. kr., en niður falla greiðslur vegna deildarfulltrúa og ritaraaðstoðar, 184 þús. kr. Nemur hækkun launaliðar í heild því 13 552 þús. kr. Rekstrargjöld og viðhald hækka um samtals 2 928 þús. kr., en tækjakaup, 950 þús. kr. í fjárlögum 1971, flytjast á sameiginlegan lið. Bókasafn. Framlag hækkar um 3 233 þús. kr., þar af aukin bókaup 800 þús. kr. Nýráðningar eru 2 bókaverðir og aðstoðarmaður samtals 1 085 þús. kr., en sökum dreifingar kennslunnar og lestrar- aðstöðu í nýbyggingar háskólans og leiguhúsnæði er nauðsynlegt að koma á sérstöku eftirliti og þjónustu í sambandi við bókakost. Laun fastráðins starfsfólks hækka um 1 348 þús. kr. Íþróttakennsla. Kostnaður hækkar um 610 þús. kr., sem skýrist þannig, að laun hækka um 410 þús. kr. og viðhald húss og tækja ásamt öðrum rekstrargjöldum um 250 þús. kr., en tækjakaup, 50 þús. kr. í fjárlögum 1971, færast á sameiginlegan lið. Rekstur fasteigna hækkar um 5 522 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu húsvarðar, 263 þús. kr., og hækkun annars launakostnaðar, einkum ræstingar, nemur 1 615 þús. kr. Vegna aukins eigin húsnæðis og leiguhúsnæðis eykst rekstrarkostnaður að öðru leyti verulega, eða vegna hita, ljóss og ræstingar um 1 945 þús. kr., húsaleigu 921 þús. kr., fasteignagjalda og trygginga 700 þús. kr., og annar kostnaður hækkar um 78 þús. kr. Sameiginleg útgjöld. Hækkun þessa liðar er 1 814 þús. kr., þ. e. prófkostnaður 703 þús. kr., rannsóknaleyfi háskólakennara 683 þús. kr., útgáfa kennslubóka og fræðiritra 350 þús. kr. og annar kostnaður 78 þús. kr. Þjóðfélagsfræðikennsla. Kostnaður eykst um 1 525 þús. kr., þar af nýr aðjúnkt í stjórn málafræði 165 þús. kr., 2 erlendir fyrirlesarar í stjórn málafræði og félagsfræði í hálfu ári hvor 731 þús. kr., föst laun og stundakennsla 729 þús. kr., en rekstrargjöld lækka um 100 þús. kr. Byggingar og tækjakaup. Á þennan lið eru nú færð tækjakaup, sem áður voru færð á einstakar deildir. Heildarframlag er 36 700 þús. kr. (auk 3 300 þús. kr. til bókaupá á öðrum lið) þannig að hækkun nemur 3 600 þús. kr. Ekki liggur ennþá ljóst fyrir, hver þörf háskólans fyrir byggingarframkvæmdir verður á árinu 1972, og auk þess á hugsanleg fjáröflun frá Hæddrætti Háskóla Íslands eftir að skýrast betur. Mun verða unnið að þessum málum á næstunni, þannig að unnt verði að leggja nákvæma framkvæmda- og fjáröflunarætlun fyrir fjárveitinganefnd Alþingis sem fyrst.

- 203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Liðurinn hækkar um 4 190 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu skrifstofustúlku, 278 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar hækkanir að ræða miðað við óbreytta starfsemi.
- 205 **Handritastofnun Íslands.** Hækkun nemur 1 577 þús. kr., sem skýrist þannig: Eðlilegar launahækkanir eru 1 923 þús. kr., húsvarzla og ræsting, sem eru nýir liðir, 324 þús. kr., rekstrargjöld 130 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 800 þús. kr., þar sem á fjárlögum 1971 var sérstök fjárveiting til skuldagreiðslna á þessum lið, 2 500 þús. kr., þannig að raunveruleg hækkun til stofnkostnaðar er 1 700 þús. kr.
- 232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Heildarhækkun nemur 1 225 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu viðskiptafræðings, 467 þús. kr., og hækkun fastra launa er 309 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 105 þús. kr. og vaxtagreiðslur vegna lána til sjó- og jarðefnarannsókna hækka um 344 þús. kr.
- 301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Liðurinn hækkar um 3 350 þús. kr., vegna ráðningar konrektors 413 þús. kr., eðlilegra launahækkana 6 347 þús. kr. og annarra rekstrargjalda 180 þús. kr., en viðhald og tækjakaup, sem voru 3 100 þús. kr. í fjárlögum 1971, eru færð á sameiginlegan lið (1 02 308), svo og vextir, er

- voru 490 þús. kr., sem nú koma fram á liðnum „ýmis lán ríkissjóðs“ undir fjármálaráðuneyti.
- 302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Fjárveiting hækkar um 6 309 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu konrektors, 413 þús. kr., föst laun og stundakennsla hækka um 7 207 þús. kr., önnur rekstrargjöld um 520 þús. kr., en viðhald 1 100 þús. kr. og vextir 731 þús. kr. í fjárlögum 1971 koma nú fram á öðrum liðum.
- 303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Hækkun á þessum lið nemur 9 250 þús. kr. Fjárfestingarframlag hækkar um 8 500 þús. kr. og verður 18 000 þús. kr. til byggingar kennsluhúss. Að öðru leyti er um eðlilegar kostnaðarhækkunarir að ræða auk tilflutnings viðhalds og vaxta á aðra liði.
- 304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Hér kemur fram, 10 349 þús. kr. lækkun, sem á í fyrsta lagi rætur að rekja til lækkunar byggingarframlags um 17 300 þús. kr. eða í 20 100 þús. kr. Þar með yrði lokið byggingu kennsluhúsnæðis, auk þess sem um 19 000 þús. kr. yrðu til ráðstöfunar til að hefja byggingu íþróttahúss, ganga frá lóð, kaupa búnað o. fl. Hækkun á öðrum liðum nemur 6 951 þús. kr., þar af ráðning konrektors 413 þús. kr., föst laun og stundakennsla 8 889 þús. kr., rekstrargjöld 1 742 þús. kr., en vextir 3 843 þús. kr. og viðhald 250 þús. kr. koma nú fram á öðrum liðum.
- 305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Við bætast 10 bekkjadeildir og verða 26, þar sem heill nýr árgangur nemenda bætist við. Heildarhækkun útgjalda nemur 9 680 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu ritara í fullt starf í stað hálfis áður, 120 þús. kr., föst laun og stundakennsla aukast um 11 430 þús. kr., en viðhald og tækjakaup, 1 870 þús. kr. í fjárlögum 1971, flytjast á sameiginlegan lið.
- 306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Á þessum lið verður 17 115 þús. kr. hækkun, þar af stofnkostnaður til að ljúka við fyrsta áfanga heimavistarbyggingar og hefja framkvæmdir við annan áfanga heimavistar og mótuneytis 13 500 þús. kr. (verður alls 21 000 þús. kr.). Þá hækkar launakostnaður um 2 920 þús. kr., en við bætist einn árgangur nemenda, og önnur rekstrargjöld hækka um 695 þús. kr.
- 307 **Menntaskóli á Austurlandi, bygging.** Framlag hækkar um 2 500 þús. kr. Frá 1966, er fjárveitingar til þessa verkefnis hófust, hafa verið veittar samtals 12 150 þús. kr., þannig að með áætlaðri fjárveitingu 1972 nema heildarfjárveitingar 17 150 þús. kr.
- 308 **Menntaskólar almennt.** Þetta er nýr liður á fjárlögum og á hann fært viðhald, tækjakaup og prófkostnaður. Heildarfjárveiting er 10 962 þús. kr., og felur í sér 2 366 þús. kr. hækkun miðað við sambærilega liði í fjárlögum 1971, þar af tækjakaup 930 þús. kr., viðhald 710 þús. kr. og prófkostnaður 726 þús. kr.
- 321 **Kennaraháskóli Íslands.** Hækkun á þessum lið nemur 14 574 þús. kr., þar af framlag til byggingar íþróttahúss 8 200 þús. kr., sem verður alls 16 200 þús. kr. Föst laun og stundakennsla hækka um 6 479 þús. kr., rekstrarkostnaður og viðhald 519 þús. kr., en vextir, 624 þús. kr. í fjárlögum 1971, koma fram á öðrum lið.
- 331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Hér kemur fram 132 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig, að stofnkostnaður lækkar um 650 þús. kr., en eðlileg hækkun á öðrum liðum, nemur 518 þús. kr.
- 422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Á þessum lið verður 4 047 þús. kr. hækkun, einkum vegna hækkaðra prenttaxta. Miðað er við nokkurn veginn óbreytta starfsemi frá 1971, en þá var framlag til útgáfunnar hækkað mjög verulega. Ríkissjóður ber nú allan kostnað starfseminnar, þar sem námsbókagjald hefur verið fellt niður.
- 514—516 **Iðnskólar.** Kostnaður við iðnfræðslu hækkar um 14 283 þús. kr., sem skýrist að fullu af launahækkunum, en stofnkostnaður er óbreyttur frá fjárlögum 1971, þ. e. 13 134 þús. kr.

- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Kostnaður eykst um 4 560 þús. kr., þar af nýráðning eins umsjónarmanns og tveggja hjúkrunarkennara 1 116 þús. kr., föst laun og stundakennsla 3 348 þús. kr., rekstrargjöld 950 þús. kr., en gjaldfærður stofn-kostnaður lækkar um 300 þús. kr. og vextir, 489 þús. kr., færast á annan fjárlagalið, og loks hækka eigin tekjur um 65 þús. kr.
- 581 **Verzlunarskólar.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 2 533 þús. kr., sem skiptist þannig á einstaka skóla: Verzlunarskólinn 2 250 þús. kr., Samvinnuskólinn 190 þús. kr. og Bréfaskóli SÍS og ASÍ 93 þús. kr.
- 701—716 **Barna- og gagnfræðastigsskólar.** Að ósk menntamálaráðuneytisins hefur sú breyting verið gerð á uppsetningu skóla á skyldunámsstigi í fjárlagafrum-varpi að aðgreina skólana ekki lengur eftir námsstigi, þar sem í mörgum tilvikum er um að ræða sama skólastjóra og sameiginlegt kennaralið. Er talið, að slík aðgreining torveldi fremur ýmsa framkvæmdaþætti þessara mála. Þá hafa verið gerðar þær tilfærslur milli þessara liða og liðs 761, Barna- og gagnfræðastigsskólar, almennt, að kostnaður við vörzlu í heimavistum og aksturskostnaður skólabarna eru að tillögu menntamálaráðuneytisins færðir af fyrri liðunum á almenna liðinn, en kostnaður við kennslu 6 ára barna og kennslu í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla er færður af almenna liðnum á viðkomandi skóla. Þetta gerir allan samanburð torveldan, þar sem fyrrgreindu liðirnir eru ekki sundurliðaðir í áætlun 1971, en á þennan hátt kemur fram 268 523 þús. kr. hækkun á þessum liðum. Launaliður lækkar um 274 114 þús. kr. eða 49.2%, en liðurinn önnur rekstrargjöld lækkar um 5 591 þús. kr., m. a. af áðurgreindri tilfærslu.
- 761 **Barna- og gagnfræðastigsskólar almennt.** Hér kemur fram 18 025 þús. kr. hækkun. Aksturskostnaður skólabarna er áætlaður 10 000 þús. kr., og varzla í heimavistum 7 695 þús. kr., en báðir þessir liðir eru færðir af öðrum liðum, eins og fyrr greinir. Forfalla- og orlofskennsla auk launa kennara, sem orlof fá, lækkar um 13 779 þús. kr., greiðsla vegna frávíks frá hámarki reiknaðra stunda, sbr. 19. gr. laga nr. 49/1967, um 6 382 þús. kr., en á einstaka skóla er færður kostnaður við kennslu 6 ára barna, 9 808 þús. kr., og við kennslu í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, 5 517 þús. kr. í fjárlögum 1971, og loks fellur niður liðurinn tví- og þrískipan í skólum 3 065 þús. kr. Þá lækkar kostnaður vegna ráðskvenna og aðstoðarstúlkna í heimavistum um 1 432 þús. kr., en viðhald er nokkurn veginn óbreytt.
- 762 **Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Þessi framlög hækka um 7 309 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að framlög ríkis-sjóðs verði innt af hendi á fjórum árum í stað þriggja eftir nýju skólakostnaðarlögnum, auk þess sem framlög samkvæmt eldri lögum lækka. Heildarframlög nema því 295 400 þús. kr.
- 769 **Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag lækkar um 12 701 þús. kr., þar af aukið byggingarframlag 7 823 þús. kr., sem verður í heild 14 000 þús. kr. Með því verður lokið byggingu heimavistar við skólann. Rekstrarkostnaður lækkar um 4 878 þús. kr., þar af föst laun og stundakennsla 4 014 þús. kr., rekstrargjöld 1 450 þús. kr. sökum aukins húsnæðis, en á móti falla niður vextir af byggingar-láni, 586 þús. kr.
- 802 **Vernd barna og ungmenna.** Liðurinn lækkar um 199 þús. kr., þar af barna-verndarráð 99 þús. kr. vegna launa og framlag til að styrkja munaðarlausu, vanræktu eða fatlaða unglínga til náms 100 þús. kr.
- 871 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Framlag lækkar um 187 þús. kr., sem skýrist þannig, að fjárfestingarframlag lækkar um 1 362 þús. kr., en rekstrarhalli eykst um 1 175 þús. kr., m. a. vegna þess, að nýtt og aukið húsnæði hefur verið tekið í notkun.

- 872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Við frágang fjárlagafrumvarpsins höfðu tillögur stjórnar sjóðsins ekki borizt. Hér er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs verði 104 000 þús. kr., sem er 13 375 þús. kr. aukning frá fjárlögum 1971, eða því nær 15%.
- 931 **Náttúruverndarráð.** Gert er ráð fyrir, að framlag vegna aukinnar starfsemi ráðsins hækki um 500 þús. kr.
- 973 **Þjóðleikhús.** Sú breyting hefur verið gerð varðandi starfsemina, að ríkissjóður hefur tekið á sig að bera hlutdeild þjóðleikhúss í kostnaði við rekstur sinfóníuhljómsveitar, sbr. skýringar við næsta lið. Hins vegar er gert ráð fyrir áframhaldandi nýtingu þjóðleikhússins á starfskröftum sinfóníuhljómsveitarinnar og til þess áætlaðar 3 153 þús. kr. á launalið. Þar er og sérstakt 100 þús. kr. framlag til þess að umbuna einum eða tveimur leikurum þjóðleikhússins, sem lagt hafa á sig óvenjulega mikið starf á leikárinu, en eðli málsins samkvæmt er venjulega um slíkt að ræða einstök leikár. Heildarframlagið hækkar um 9 594 þús. kr. og er þá rekstraráætlun þjóðleikhússtjóra og menntamálaráðuneytisins tekin óbreytt.
- 974 **Sinfóníuhljómsveit.** Eins og getið er hér að framan, hefur rekstraraðild verið breytt, og ber nú ríkissjóður 50.6% rekstrarkostnaðar, ríkisútvarpið 28.0% og Reykjavíkurborg 21.4%. Er þetta í samræmi við tillögur nefndar, sem fjallað hefur um rekstrarvandamál hljómsveitarinnar. Talið er, að breyting rekstraráðildar og aðrar tillögur nefndarinnar skapi hljómsveitinni mjög bætt starfsaðstöðu, sem m. a. kemur fram í hagkvæmari nýtingu starfskrafta að eðlilegum verkefnum og auknu hljómleikahaldi, og þar með skapist möguleikar á aukinni eigin fjáröflun. Framlag ríkissjóðs hækkar um 8 553 þús. kr., þar af 4 395 þús. kr. vegna yfirtöku á rekstraraðild þjóðleikhússins. Loks skal þess getið, að eigin tekjur eru áætlaðar 720 þús. kr., eða 19% hærri en í fjárlögum 1971 miðað við óbreytt verð aðgöngumiða.
- 975 **Vísindasjóður.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 860 þús. kr. til að veða á móti því tekjutapi sjóðsins, sem stafar af því, að samkvæmt lögum nr. 34 og 35/1971, um breyting á lögum um vísindasjóð og menningarsjóð, fellur niður framlag menningarsjóðs til vísindasjóðs.
- 976 **Menningarsjóður, framlag.** Í lögum nr. 35/1971 eru sektir og upptækar vörur felldar niður sem sérstakur tekjustofn menningarsjóðs. Tekjustofnar sjóðsins skv. sömu lögum eru miðagjald og fjárveiting á fjárlögum. Heildarframlag nemur 5 000 þús. kr. og hækkar um 600 þús. kr. frá fjárlögum 1971. Miðagjald er áætlað 3 640 þús. kr., sem er 540 þús. kr. hækkun, og framlag ríkissjóðs er 1 360 þús. kr., sem er 60 þús. kr. hærri en sektir og upptækar vörur voru áætlaðar í fjárlögum 1971.
- 977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag hækkar um 13 500 þús. kr. frá fjárlögum 1971 og verður 15 000 þús. kr. Er miðað við, að sú fjárhæð nægi til þess að standa undir þeim kostnaði, sem áætlað er að falli á árið 1972.
- 982 **Listir, framlög.** Liðurinn hækkar um 3 415 þús. kr., þar af tónlistarskólar 3 128 þús. kr. og barnamúsíkskólinn 287 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir.
- 984 **Norræn samvinna.** Á þessum lið verður 139 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Tekinn er upp nýr liður „Framkvæmd samnings milli Norðurlandanna um samstarf á sviði menningarmála“ 1 117 þús. kr., framlag til rekstrar norræna hússins hækkar um 10 þús. kr. og til norræna læknakennslusambandsins um 12 þús. kr. Hins vegar lækkar framlag til byggingar norræna hússins um 1 000 þús. kr.
- 986 **Íþróttamál.** Hækkun á liðnum nemur 9 336 þús. kr. Framlag til ÍSÍ hækkar um 760 þús. kr., þ. e. ríkissjóðsstyrkur 1 300 þús. kr., en áætlaðar tekjur af seldum vindlingum lækka um 540 þús. kr. Framlag til íþróttasjóðs hækkar um 8 000 þús. kr., til ferðakennslu í íþróttum um 11 þús. kr., útgáfu handbóka um

skólaiþróttir 65 þús. kr. og skíðaskólans í Kerlingarfjöllum 200 þús. kr. Loks eru hér færðir tveir liðir af liðnum „ýmislegt“ — til Frjálsíþróttasambands Íslands 50 þús. kr. og til þátttöku í Ólympíuleikjum, 250 þús. kr. — báðir óbreyttir frá fjárlögum 1971.

- 988 **Æskulýðsmál.** Þetta er nýr liður í fjárlögum, en með lögum nr. 24/1970, um æskulýðsmál, ber rikissjóði að standa straum af kostnaði við Æskulýðsráð ríkisins. Heildarkostnaður er áætlaður 2 160 þús. kr., þar af kostnaður við ráðið sjálf 100 þús. kr. Af liðnum 1 02 999 „ýmislegt“ eru færð á þennan lið öll önnur viðfangsefni á þessum lið, sem eru óbreytt frá fjárlögum 1971, nema framlag til UMFÍ, sem hækkar um 305 þús. kr.
- 999 **Ýmislegt.** Liðurinn lækkar um 3 676 þús. kr. Eftirtaldir liðir, sem í fjárlögum 1971 námu samtals 1 755 þús. kr., færast á lið 1 02 988, „æskulýðsmál“: UMFÍ, Bandalag isl. skáta, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag isl. farfugla, Æskulýðsnefndir A-Húnavatnssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, starfsemi KFUM í Vatnaskógi, Landssamband isl. menntaskólanema og Samtök isl. kennaraskólanema. Þá eru framlög til Frjálsíþróttasambands Íslands og til þátttöku í Ólympíuleikunum 1972, samtals 300 þús. kr., flutt á liðinn „íþróttamál“. Loks falla niður eftirtaldir liðir: Iceland Review 80 þús. kr., vísindarannsóknir 338 þús. kr., Herferð gegn hungri 150 þús. kr., námskeið fyrir blaðamenn 100 þús. kr., til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur 100 þús. kr., Pólýfónkórinn vegna utanferðar 150 þús. kr., vettvangsskóli á Akureyri 35 þús. kr., til íslenzks dýrasafns 100 þús. kr., til norræns safnmanna-fundar á Íslandi 1971 200 þús. kr., til málfundafélagsins Magna 200 þús. kr., til minnisvarða um Jón Eiríksson, Guðmund góða og Ara fróða alls 105 þús. kr. og til FRÍ vegna Evrópumóts 75 þús. kr. Vegna launakostnaðar hækka viðfangsefnin málnefnd og nýyrðasöfnun um 7 þús. kr. og hreindýraeftirlit um 5 þús. kr.

### 03 Utanríkisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður hækkar um samtals 8 503 þús. kr., þar af yfirstjórn 7 193 þús. kr. Launaliður miðað við óbreyttan starfsmannafjölda hækkar um 3 313 þús. kr. Aðrir rekstrarliðir á yfirstjórn, einkum kostnaður við flutning starfsfólks milli landa, annar ferðakostnaður og skyldir liðir hækka um samtals 3 880 þús. kr., en þar af er færsla ferðakostnaðar af sendiráðum 1 273 þús. kr., þannig að raunverulega er um að ræða 2 607 þús. kr. hækkun á öðrum rekstrarliðum. Skýringin á þessari miklu hækkun er vanáætlun í fyrri fjárlögum. Með færslu ferðakostnaðar vegna sendiráða á aðalskrifstofu er ætlað að auka eftirlit með þessum kostnaðarlið. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hækkar um 50 þús. kr., vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum, þ. m. t. allsherjarþing S. þ., 1 000 þús. kr. og vegna upplýsinga- og kynningarstarfsemi 260 þús. kr.
- 201 **Lögreglustjórnin á Keflavíkurflugvelli.** Gert er ráð fyrir ráðningu tveggja tollvarða, samtals 616 þús. kr., föst laun og vaktaálag hækka um 10 223 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir um 204 þús. kr. nettó, þannig að heildarhækkun framlags nemur 11 043 þús. kr. Starfsemi embættisins, sem upphaflega var að miklu leyti vegna staðsetningar hersins á Keflavíkurflugvelli, hefur á seinni árum í síauknun mæli beint að verkefnum tengdum vaxandi flugumferð um völinn, og þá einkum á sviði tollgæzlu.
- 301—312 **Sendiráðin.** Fjárveiting til sendiráðanna hækkar um 6 912 þús. kr., en raunveruleg hækkun er þó 3 208 þús. kr. hærri, vegna þess að ferðakostnaður, 1 273 þús. kr. í fjárlögum 1971, er færður á aðalskrifstofu og vextir, 1 935 þús. kr., eru færðir á ýmis lán rikissjóðs. Tekið hefur verið upp breytt kerfi

- varðandi laun og risnu sendiráðsstarfsfólks, þannig að greint er á milli fastra launa, staðaruppbótar, barnalífeyris og risnu. Er með þessu stefnt að því að taka aukið tillit til fjölskylduaðstæðna og raunverulegs framfærslukostnaðar í hverju landi um sig, en eldra kerfið var orðið nokkuð óraunhæft að þessu leyti. Við ákvörðun þessara liða í framtíðinni mun verða tekið tillit til verðlagsþróunar í viðkomandi landi, og þar með horfið frá fyrri hætti, þar sem launabreytingar hér á landi höfðu sjálfkrafa áhrif á fjárveitingar til þessara liða. Risna er nú færð af launalið á önnur rekstrargjöld, og mun utanríkisráðuneytinu með sérgreiningu þessa liðar gefast tækifæri til að lita eftir, hvernig þessu fé er raunverulega varið á ári hverju. Sem fyrr segir nemur raunveruleg hækkun fjárveitinga til sendiráðanna 10 120 þús. kr. Hækkun launaliðar og risnu nemur 8 626 þús. kr., þar af vegna fasts starfsfólks 7 682 þús. kr., og ráðning ritara í Brussels og ritara í hálf starf í Bonn og Kaupmannahöfn samtals 944 þús. kr. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 593 þús. kr., viðhald um 1 034 þús. kr., einkum vegna sendiráðanna í London, Moskvu og Stokkhólmi, og eigin tekjur sendiráðsins í Washington lækka um 88 þús. kr. Á hinn bóginn lækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 221 þús. kr.
- 401 **Alþjóðastofnanir.** Framlög til alþjóðastofnana hækka um samtals 3 904 þús. kr. Framlag til Sameinuðu þjóðanna hækkar um 1 110 þús. kr., til tækniáðstoðar S. þ. 1 200 þús. kr., UNESCO 334 þús. kr., WHO 308 þús. kr., OECD 233 þús. kr., Evrópuráðsins 236 þús. kr. og NATO 452 þús. kr. Framlag til þingmannasambands NATO, 350 þús. kr. í fjárlögum 1971, er flutt á Alþingi, og niður fellur framlag til alþjóðahveitiráðsins 14 þús. kr. Smávægilegar breytingar verða á nokkrum öðrum liðum, eða nettó-hækkun um 395 þús. kr.

#### 04 Landbúnaðarráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 2 292 þús. kr., þar af föst laun 1 051 þús. kr., ráðning aðstoðarmanns ráðherra 464 þús. kr., nefndalaun, sem láðist að áætla í fjárlögum 1971, 500 þús. kr., og loks hækka önnur rekstrargjöld um 277 þús. kr.
- 171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlag hækkar um 1 500 þús. kr., þar af afborgun af lánum frá fyrrverandi ábúendum 200 þús. kr., til framkvæmda á ríkisjörðum 1 350 þús. kr., en endurgreiðslur lána í Búnaðarbanka lækka um 50 þús. kr.
- 201 **Búnaðarfélag Íslands.** Hækkun á þessum lið nemur 5 927 þús. kr. Laun fasts starfsfólks hækkar um 4 110 þús. kr., gert er ráð fyrir ráðningu gjaldkera og tölvuritara í hálf starf, samtals 491 þús. kr., rekstrargjöld hækka um 1 551 þús. kr., og eigin tekjur hækka um 225 þús. kr.
- 205 **Veðistjóri.** Liðurinn hækkar um 1 918 þús. kr. Föst laun hækka um 104 þús. kr., rekstrargjöld um 50 þús. kr. og yfirfærslur til sveitarfélaga um 1 764 þús. kr., þ. e. vegna grenja- og minkaleitar og verðlauna fyrir unnin dýr, en þau voru hækkuð verulega með lögum nr. 26/1971.
- 241 **Landnám ríkisins.** Framlag ríkissjóðs er 52 960 þús. kr. auk 340 þús. kr. afborgunar lána, en samkvæmt lögum nr. 45/1971 ber ríkissjóði að leggja fram 53 300 þús. kr. á fjárlögum 1972. Hækkun frá fjárlögum 1971 er 23 675 þús. kr.
- 246 **Veiðimálaskrifstofan.** Framlag hækkar um 1 982 þús. kr., þar af 1 000 þús. kr. vegna flutnings framlags til fiskræktarsjóðs á þennan lið af liðnum „landbúnaður, framlög“. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkunar að ræða.
- 247 **Embætti yfirdýralæknis.** Hækkunin, 4 592 þús. kr., skýrist þannig, að föst laun hækka um 3 836 þús. kr., við bætist einn dýralæknir 467 þús. kr., bygging dýralæknabústaða hækkar um 350 þús. kr., en á öðrum liðum kemur fram 61 þús. kr. nettólækkun.

- 286 **Landbúnaður, framlög.** Framlög til landbúnaðar hækka um 17 536 þús. kr. Framlög til fyrirhleðsna hækka um 375 þús. kr., til landþurrkunar 20 þús. kr., til stofnlánadeildar landbúnaðarins, þ. e. mótframlag, 9 000 þús. kr., jarðræktarframlög 3 284 þús. kr., framræsla 5 000 þús. kr., jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir 55 þús. kr. og til búfjárræktar 2 802 þús. kr. Upp er tekið að nýju framlag til framleiðnisjóðs landbúnaðarins 22 000 þús. kr., þar af 12 000 þús. kr. til aðstoðar við byggingu sláturhúsa vegna aukinna krafna um hreinlætishætti og bættu aðstöðu við matvælaframleiðslu. Þessi aðstoð hefur áhrif til lækkunar á sláturkostnað, sem að öðrum kosti mundi koma fram í hækkunni verðlagi. Aðstoð við bændur lækkar um 19 000 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Fjárveitingin í ár, 29 000 þús. kr., var til bændu, er höfðu orðið fyrir áföllum af völdum ills árferðis og eldgoss, og er sú fjárveiting nú felld niður. Sú 10 000 þús. kr. fjárveiting, sem hér er tekin upp, er ætluð sem aðstoð við þá bændur, sem verst eru settir eftir áföll undanfarinna ára og ekki hafa komið málum sínum í viðunandi horf með því að breyta lausaskuldum sínum í föst lán til langs tíma, svo sem þeir gátu, er betur voru settir. Framlag til fiskræktarsjóðs, 1 000 þús. kr., er flutt á veiðimálaskrifstofuna, og loks falla niður framlög til veðdeildar Búnaðarbankans 2 500 þús. kr. og til súgþurrkunar 2 500 þús. kr.
- 299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Hér kemur fram 900 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig, að til endurbóta íbúðarhússins á Skriðuklaustri er veitt 1 000 þús. kr., og niður fellur 100 þús. kr. framlag til norræns dýralæknámóts.
- 501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Liðurinn hækkar um 11 995 þús. kr., þar af hækkun byggingarframlags 10 000 þús. kr. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkunar ræða.

#### 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið verður 2 285 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig, að föst laun hækka um 995 þús. kr., gert er ráð fyrir ráðningu ritara og aðkeyptri aðstoð samtals 540 þús. kr., ýmis önnur laun hækka um 54 þús. kr., en laun bílstjóra, 379 þús. kr., falla niður. Loks hækka rekstrargjöld um 1 075 þús. kr.
- 202 **Hafrannsóknastofnunin.** Kostnaður eykst um 9 776 þús. kr. Eru þá teknar til greina eðlilegar launa- og verðlagshækkunar auk þess sem gert er ráð fyrir ráðningu tæknimanns 342 þús. kr. Áætlunin miðast við fullan rekstur rannsóknaskipanna Bjarna Sæmundssonar og Árna Friðrikssonar, og auk þess er kostnaður við leiguskip áætlaður 6 931 þús. kr.
- 203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Framlag eykst um 3 722 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu sérfræðings, 467 þús. kr., sem starfa mun á sviði heilbrigðishátta í frystihúsum, en að öðru leyti er um eðlilegar launahækkunar ræða, 3 395 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 100 þús. kr., og loks aukast eigin tekjur stofnunarinnar um 240 þús. kr.
- 211 **Fiskmat ríkisins.** Kostnaður hækkar um samtals 7 060 þús. kr., þar af vegna ráðningar deildarstjóra, tveggja eftirlitsmanna með bátum og ritara í hálfstarf, 1 162 þús. kr. Hækkun annarra launa nemur 4 168 þús. kr. og ýmissa rekstrargjalda 1 730 þús. kr., einkum ferðakostnaður fiskmatsmanna.
- 299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlag vegna tæknaaðstoðar til umbóta á hollustuháttum í fiskiðnaði hækkar um 250 þús. kr., vegna eftirlits með rækjuveiði um 163 þús. kr. og eftirlits með hvalvinnslustöðvum um 7 þús. kr., eða samtals 420 þús. kr. Önnur viðfangsefni á þessum fjárlagalið breytast ekki.
- 901 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Liðurinn hækkar um 2 319 þús. kr. Eðlilegar launahækkunar nema 1 626 þús. kr. og við bætist símastúlka í

hálftr starf 144 þús. kr. Ýmis rekstrarkostnaður eykst um 549 þús. kr., m. a. vegna aukins húsrýmis á Keldnaholti, en skrifstofan stendur undir ræstingu og viðhaldi bygginga þar.

#### 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

- 204 **Borgarfógetaembætti.** Heildarhækkun á liðnum nemur 4 211 þús. kr., þar af eðlilegar launahækkningar 3 700 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir kaupum á bókhaldsvél, er hækkar gjaldfærðan stofnkostnað um 550 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 39 þús. kr.
- 211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Á þessum liðum verður hækkun samtals 25 374 þús. kr., eða 30.3% frá fjárlögum 1971. Sú hækkun skiptist þannig, að eðlilegar launahækkningar, en miðað er við óbreytt starfsmannahald, nema 22 932 þús. kr., eða 38.5%, og annar rekstrarkostnaður 2 442 þús. kr., eða 10.1%.
- 241 **Hegningarhúsið í Reykjavík.** Hér kemur fram 321 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig, að við bætist einn fangavörður, 663 þús. kr., eðlilegar launahækkningar eru 565 þús. kr., rekstrarkostnaður annar eykst um 99 þús. kr., en tekjur, þ. e. hluti Reykjavíkurborgar, hækkar um 1 006 þús. kr.
- 242 **Vinnuhælið á Litla-Hrauni.** Hækkun á þessum lið nemur 5 325 þús. kr. Eðlilegar launahækkningar eru 3 474 þús. kr., bætt er við fangaverði og matsveini 804 þús. kr., annar rekstrarkostnaður hækkar um 1 351 þús. kr., en nýtt húsnæði verður tekið í notkun í ársbyrjun, er mun því nær tvöfalda fangarými. Byggingarframlag lækkar um 50 þús. kr. og verður 3 010 þús. kr., er nægja mun til að ljúka stækkun hælisinga. Loks hækka eigin tekjur um 254 þús. kr.
- 244 **Fangelsi í Síðumúla.** Hér er lagt til, að tekinn verði upp að nýju fjárlagaliður, sem var í fjárlögum 1970, en féll niður úr fjárlögum 1971. Áætluð fjárveiting nemur samtals 3 564 þús. kr. Upphaflega var áætlað að hefja, á árinu 1970, rekstur fangelsis í byggingu þeirri, sem notuð var fyrir fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík og hefur staðið ónotuð frá því að fangaklefarinn í nýju lögreglustöðinni voru teknir í notkun, en af ýmsum ástæðum hefur það dregið. Undanfarið hefur verið unnið að undirbúningi þess að taka hluta byggingarinnar í notkun, sérstaklega sem kvennafangelsi. Hefur verið til meðferðar hjá byggingarnefnd borgarinnar bygging fangagarðs, sem nauðsynlegur er til að hægt sé að nota bygginguna sem afplánunarfangelsi.
- 251 **Landhelgisgæzla.** Kostnaður við landhelgisgæzlu er áætlaður 30 579 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1971, og er þá tekið tillit til eðlilegra launa- og verðlags-hækkana. Áætlunin er í fyrsta lagi byggð á sömu forsendum og í síðustu fjárlögum, þ. e. að varðskipin Ægir og Óðinn séu í rekstri allt árið, Þór og Árvakur verði í rekstri hálftr ár hvor, en Albert verði ekki rekinn og því einungis gert ráð fyrir legukostnaði. Í öðru lagi er tekin inn sérstök fjárveiting til aukinnar landhelgisgæzlu eftir 1. september 1972, 15 000 þús. kr. Er gert ráð fyrir, að þetta mál komi til nánari athugunar í þinginu, þar sem ekki liggja fyrir nægileg gögn ennþá.
- 253 **Almannavarnir.** Á þessum lið verður 1 652 þús. kr. lækkun, en í fjárlögum 1971 var fjárveiting hækkuð mjög verulega, m. a. vegna tækjakaupa.
- 255 **Umferðarráð.** Fjárlagatillögur vegna starfsemi umferðarráðs höfðu ekki borist í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Með hliðsjón af hinum auknu umferðarslysum að undanfögnu er þó gert ráð fyrir, að framlag hækki um 1 100 þús. kr., sem er meira en tvöföldun frá fjárlögum 1971.
- 281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Fjárveiting á þessum lið hækkar um 1 993 þús. kr., sem skýrist þannig: Málskostnaður eykst um 500 þús. kr., meðdómsmenn



- 628 þús. kr., setu- og varadómara 252 þús. kr., siglingadómur 13 þús. kr., útgáfa norræns dómasafns 12 þús. kr. og útgáfa lagasafns 611 þús. kr., en kostnaður við próf málflytjenda lækkar um 23 þús. kr.
- 282 **Löggæzla.** Fjárveiting lækkar um 36 071 þús. kr., sem að mestu leyti á rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Fjárveitingar á undanförunum árum hafa verið miðaðar við það, að fram færi breyting á lögum um lögreglumenn, sem — eins og segir í fjárlagafrumvarpi 1971 — beinist að „endurskoðun þeirra ákvæða, er gera ráð fyrir sjálfkrafa fjölgun lögreglumanna eftir fólksfjölda í einstökum umdæmum, og einnig að breytingu ákvæða, er varða rannsóknarlögreglu, þannig að lögð verði áherzla á miðstjórn slíkra verkefna af hagkvæmnisástæðum“. Þessi endurskoðun hefur enn ekki hafizt, en í fjárlagafrumvarpinu er fjárveiting lækkuð frá því sem ella hefði orðið á þeirri forsendu, að breytingin fari fram.
- 283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Liðurinn lækkar um 2 755 þús. kr., og kemur hækkunin fram á eftirtöldum liðum: Fangahús utan Reykjavíkur 100 þús. kr., bygging fangahúsa 1 880 þús. kr., fangahjálp og eftirlit með afbrotamönnum 200 þús. kr., og upp eru teknir tveir nýir liðir, þ. e. námskeið fangavarða 52 þús. kr. og geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga 522 þús. kr.
- 301 **Þjóðkirkjan.** Framlög til þjóðkirkjunnar hækka um 20 171 þús. kr., og eru breytingar einstakra viðfangsefna sem hér segir: Yfirstjórn lækkar um 775 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana, kirkjuþing um 141 þús. kr., viðbót við eftirlaun presta og ekkna 11 þús. kr., söngmálastjóri þjóðkirkjunnar 201 þús. kr., æskulýðsstörf 456 þús. kr., byggingareftirlit 120 þús. kr., kirkjugarða- eftirlit 66 þús. kr., prestar og prófastar 17 112 þús. kr., þar af eðlilegar launahækkningar 16 216 þús. kr., viðbótarprestur í Kópavogi 484 þús. kr., embættis- kostnaður 412 þús. kr., viðhald embættisbústaða 700 þús. kr., Hallgrimskirkja í Reykjavík 1 000 þús. kr., Hið íslenska bibliúfélag 75 þús. kr., til umbóta á kristindómsfræðslu í skólum 7 þús. kr. og til kirkjukórasambands Íslands 25 þús. kr. Á móti lækkar kostnaður við biskupsbústað um 118 þús. kr., og niður falla framlög til minningarkapellu um Jón Steingrímsson 250 þús. kr. og til Kirkjuvogskirkju í Höfnum 150 þús. kr.
- 371 **Kirkjubyggingarsjóður.** Framlag er aukið um 500 þús. kr. í 3 500 þús. kr.

#### 07 Félagsmálaráðuneytið.

- 271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Liðurinn lækkar um 48 668 þús. kr., og skýrist sú hækkun þannig: Hluti byggingarsjóðs af launaskatti lækkar um 36 400 þús. kr., byggingarsjóðsgjöld hækka um 11 768 þús. kr. og laun húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra um 500 þús. kr.
- 371 **Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga** lækkar um 2 500 þús. kr. með tilliti til aukinnar fjárþarfar sveitarfélaga til gatna-, holræsa- og vatnsveituframkvæmda vegna aukinna krafna um hollustuhætti í frystihúsum.
- 399 **Sveitarfélög, framlög.** Hér kemur fram hækkun um 320 þús. kr., er skýrist þannig: Framlag til vatnsveitna skv. lögum lækkar um 2 500 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. í samræmi við tillögu félagsmálaráðuneytisins. Er þá ekki gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til vatnsveitu Vestmannaeyja, og verður það mál að koma til meðferðar þingsins. Framlag til annarra vatnsveitna, sem var 180 þús. kr. í fjárlögum 1971, fellur niður. Á hinn bóginn lækkar framlag til heimilishjálpar skv. lögum nr. 10/1952 um 3 000 þús. kr.
- 973 **Framlag til atvinnuöfnunarsjóðs** lækkar um 15 715 þús. kr. vegna þess, að áætlaðar tekjur af algjaldi lækka um 5 715 þús. kr. og sérstakt framlag, 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1971, fellur niður.
- 981 **Vinumál.** Eftirtaldir breytingar verða á viðfangsefnum undir þessum lið:

Framlag til orlofsheimila verkalýðssamtakanna hækkar um 1 200 þús. kr., en kostnaður við hagræðingarstarfsemi lækkar um 487 þús. kr., við félagsdóm um 50 þús. kr. og við sáttanefndir í vinnudeilum um 55 þús. kr. Þannig verður nettóhækkun á liðnum 608 þús. kr.

- 999 Ýmis framlög. Framlög á þessum lið lækka um 9 951 þús. kr. og skýrist þannig: Framlag til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga, sem var 9 000 þús. kr. í fjárlögum 1971, flyzt nú á fjármálaráðuneytið, út falla liðirnir Geðverndarfélagið, byggingarstyrkur 2 000 þús. kr., Sjálfsbjörg, byggingarstyrkur, 1 500 þús. kr., Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra, byggingarstyrkur, 500 þús. kr., orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu 200 þús. kr. Venja hefur verið, að fjárveitingar af þessu tagi séu teknar upp í meðförum þingsins, auk þess sem nauðsynlegt er, að fyrir liggja skýrslur um stöðu byggingarframkvæmda og nýtingu þess fjár, sem veitt hefur verið til þessara verkefna. Áætlaðar tekjur Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra af seldum eldspýtum lækka um 100 þús. kr., svo og áætlaðar tekjur Slysavarnarfélags Íslands af seldum vindlingum um 540 þús. kr. Hins vegar hækka meðlög skv. lögum nr. 87/1947 um 3 727 þús. kr., mæðrastyrksnefndir um 100 þús. kr. og aðstoð við blinda, þ. e. hluti sælgætisgjalds, um 62 þús. kr.

#### 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður hækkar um 4 221 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu aðstoðarmanns ráðherra 464 þús. kr., lyfjafræðings skv. ákvæðum laga nr. 70/1971 484 þús. kr., hjúkrunarfulltrúa 413 þús. kr., fulltrúa 413 þús. kr. og aðstoðarstúlku 191 þús. kr., eða samtals 1 965 þús. kr. vegna nýráðninga. Hækkun fastra launa nemur 938 þús. kr., og kostnaður við nefndir og aðkeypta sérfræðiaðstoð hækkar um 522 þús. kr. Launaliður hækkar því í heild um 3 425 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður um 796 þús. kr., einkum vegna húsaleigukostnaðar.
- 271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlag til almannatrygginganna að frátöldum atvinnuleysistryggingum hækkar um samtals 842 100 þús. kr., en þar af nemur hækkun persónuskatta 224 900 þús. kr., þannig að eiginlegt framlag ríkissjóðs hækkar um 617 200 þús. kr. Skiptist sú hækkun þannig, að 246 700 þús. kr. koma á lífeyristryggingar og 370 500 á sjúkratryggingar. Meginorsök hækkunar framlags til lífeyristrygginga á rætur að rekja til breytingar þeirrar á lögum um almannatryggingar, sem samþykkt var á síðasta þingi, og fól í sér verulega hækkun bóta almennt, annarra en fjölskyldubóta. Þá varð og sú breyting, að fávitaframsæsla var sameinuð almannatryggingakerfinu, en framlag ríkissjóðs hefur til þessa verið á sérstökum fjárlagalið og nam 61 380 þús. kr. á fjárlögum 1971. Fjölskyldubætur eru áætlaðar á sama grunni og gildir í dag. Áætluð hækkun nemur 70 000 þús. kr., vegna þess að fjárlagatala ársins í ár er miðuð við átta mánaða gildistíma núverandi bóta, eða til fyrirhugaðra loka verðstöðvunar í stað alls næsta árs. Eftirfarandi yfirlit gefur til kynna samanturð á áætlun bóta lífeyristrygginganna í fjárlögum 1971 og í fjárlagafrumvarpi 1972 í millj. kr., og er þar átt við heildarkostnað lífeyristrygginganna:

	Fjárlög 1971	Frumvarp 1972	Hækkun
Ellilífeyrir .....	975.0	1 187.2	212.2
Örorkulífeyrir .....	257.5	332.5	75.0
Örorkustyrkur .....	40.0	100.0	60.0
Barnalífeyrir .....	55.2	90.1	34.9
Mæðralaun .....	65.1	101.3	36.2
Fæðingarstyrkur .....	56.0	61.4	5.4
Ekkjubætur og lífeyrir .....	36.2	61.8	25.6
Sjúkrasamlagsiðgj. lífeyrisþega .....	66.0	77.9	11.9
	1 551.0	2 012.2	461.2
Fjölskyldubætur .....	511.0	581.0	70.0
Bætur samtals	2 062.0	2 593.2	531.2
Kostnaður .....	36.0	44.3	8.3
Til varasjóðs .....	42.0	52.8	10.8
Gjöld samtals	2 140.0	2 690.3	550.3
Hluti ríkissjóðs:			
Fjölskyldubætur .....	511.0	581.0	70.0
Aðrar bætur (36% af öðru en fjölsk.- bótum) .....	586.4	759.3	172.9
	1 097.4	1 340.3	242.9
Frá dregst:			
Inneign frá fyrra ári .....	26.4	22.6	3.8
Til innheimtu	1 071.0	1 317.7	246.7

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga er áætlað 1 438 800 þús. kr., en var áætlað 1 068 300 þús. kr. í fjárlögum 1971. Hækkunin nemur því, eins og fyrr greinir, 370 500 þús. kr., og stafar að mestu af því, að eftir samþykkt fjárlaga ársins 1971 voru daggjöld á sjúkrahúsum almennt hækkuð verulega, og í frumvarpi ársins 1972 er, eins og á undanförunum árum, áætluð nauðsynleg kostnaðaraukning á ríkisspítölum, sem felur í sér hækkun daggjalda. Með hliðsjón af því er síðan áætlað framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga, og verður aukning þess framlags sem afleiðing áætlaðrar daggjaldahækkunar 189 200 þús. kr., en daggjöld verða endanlega ákveðin af daggjaldanefnd.

- 273 **Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs.** Heildarframlag nemur 221 500 þús. kr., sem skiptist þannig, að framlag atvinnurekenda er 73 800 þús. kr., hækkun 9 900 þús. kr. frá fjárlögum 1971, og framlag ríkissjóðs 147 700 þús. kr., sem er 19 900 þús. kr. hækkun frá 1971.
- 301 **Landlæknisembættið.** Á þessum lið kemur fram 18 284 þús. kr. hækkun. Yfir-  
stjórn hækkar um 781 þús. kr., skólayfirlæknisembættið um 185 þús. kr.,  
héraðslæknar um 16 080 þús. kr., lækna ráð um 73 þús. kr., ljósmæðralaun um  
442 þús. kr. og berklavarnir um 302 þús. kr. Orsök hækkunarinnar á ofan-  
greindum liðum er fyrst og fremst fólgin í áhrifum síðustu kjarasamninga. Þá  
hækka námsferðir héraðslækna um 786 þús. kr., lækningaferðir sérfræðinga  
um 180 þús. kr., en á liðinn „ýmis heilbrigðismál“ (1 08 399) eru færð framlög  
til rhesusvarna og blóðrannsóknna ungbarna, samtals 545 þús. kr. í fjárlögum  
1971.

- 311 **Rannsóknastofa háskólans.** Hækkun nemur 4 411 þús. kr., sem skýrist þannig: Eðlilegar launahækkunir eru 4 830 þús. kr., bætt er við sérfræðingi í 2 eyktir, 131 þús. kr., önnur rekstrargjöld, einkum efniskaup, hækka um 2 720 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður og viðhald um 455 þús. kr., en tekjur hækka um 3 725 þús. kr.
- 371—376 **Ríkisspítalar.** Sú bráðabirgðaáætlun um hækkun daggjalda á ríkisspítölum, sem greint er frá hér að framan í athugasemdum við lið 1 08 271, byggist á því, að daggjöld standi að fullu undir rekstri, og er því hvergi um að ræða rekstrarframlög úr ríkissjóði. Ríkissjóðsframlög, sem fram koma í A-hluta, eru því eingöngu til bygginga og tækjakaupa. Rekstrarkostnaður ríkisspítala miðast við þær launauppbætur, sem fram eru komnar við framlagningu frumvarpsins, þ. e. kaupgreiðsluvisítölu 107.19. Hvergi er gert ráð fyrir fjölgun starfsfólks, nema sem afleiðing af því, að hafinn verði rekstur nýrra sjúkradeilda. Slíkt á sér stað á Landspítalanum, þar sem opnuð verður endurhæfingardeild í byrjun marzmánaðar 1972. Það er hins vegar ljóst, að við meðferð fjárlaga-frumvarpsins verður nauðsynlegt að taka áætlun stjórnarnefndar ríkisspítalanna til nánari athugunar í þeim tilgangi að heimila nokkra fjölgun, þar sem þörfin er brýnust. Skal í þessu sambandi sérstaklega getið um Kleppsspítalann, en samkomulag hefur orðið milli fjármála- og heilbrigðisyfirvalda um að stuðla að því, að á þeim spítala verði starfskröftum fjölgað eftir fastri áætlun, sem lögð mun verða fyrir fjárveitinganefnd Alþingis. Eins og þegar er tekið fram, eru engin rekstrarframlög í A-hluta, en í fjárlögum 1971 námu slík framlög 23 772 þús. kr. Byggingar- og tækjakaupaframlög skiptast hins vegar á einstök sjúkrahús sem hér segir í þús. kr.:

Landspítalinn .....	51 430
Fæðingardeild Landspítalans .....	59 840
Kleppsspítalinn .....	4 500
Vífilsstaðahælið .....	1 155
Kristneshælið .....	2 669
	119 594

- Fjárfestingar- og tækjakaupaframlög í fjárlögum 1971 námu samtals 85 336 þús. kr., og er hækkunin því 34 258 þús. kr. Með tilliti til afnáms rekstrarhalla verður hækkunin á þessum fjárlagaliðum 10 486 þús. kr., en hér ber að hafa í huga, að framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginganna hækka um 370 500 þús. kr., eins og fyrr greinir.
- 381 **Til sjúkrahúsa og læknabústaða.** Hækkunin á þessum lið, 5 850 þús. kr., skýrist þannig: Framlög til byggingar sjúkrahúsa og læknabústaða hækka um 5 100 þús. kr., styrkir til heilsuverndarstöðva um 3 550 þús. kr., en framlag til St. Jósefsspítala vegna lánagreiðslu lækkar um 2 800 þús. kr.
- 399 **Ýmis heilbrigðismál.** Á þessum lið verður 4 792 þús. kr. hækkun, sem kemur þannig fram: Kostnaður við lyfjaverðlagsnefnd lækkar um 14 þús. kr., norræn samvinna í lyfsöllumálum 8 þús. kr., lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit 139 þús. kr., eiturefnanefnd 7 þús. kr., eftirlit með deyfilyfjum og sérstakar efnarannsóknir 200 þús. kr., daggjaldanefnd 60 þús. kr., kostnaður skv. farsóttá- og sóttvarnalögum 150 þús. kr., matvælarannsóknir 568 þús. kr., vírusrannsóknir 15 þús. kr., kynsjúkdómavarnir 4 þús. kr., kostnaður vegna laga nr. 16/1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, sem koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, 3 þús. kr., til héraðshjúkrunarkvænna 197 þús. kr., námskeið sjúkraliða 128 þús. kr. og minningarsjóður Landspítalans 300 þús. kr. Aftur á móti lækkar framlag til Hjartaverndar (tappagjald) um 225 þús. kr.

og til Krabbameinsfélags Íslands (hluti gjalds af seldum vindlingum) um 540 þús. kr. Út falla liðirnir lyfjabúðæftirlit 59 þús. kr., þing skurðlækna á Norðurlöndum 150 þús. kr., aðstoð við heyrnardaufa 100 þús. kr. og styrktar- og sjúkrasjóðir 40 þús. kr. í fjárlögum 1971. Loks eru teknir upp tveir liðir á þessum fjárlagalið, sem í fjárlögum 1971 voru færðir á landlæknisembætti: Rhesusvarnir 313 þús. kr. og blóðrannsóknir ungbarna 600 þús. kr., auk tveggja nýrra liða: Rannsóknir í samvinnu við WHO 200 þús. kr. og tækniástoð við sveitarfélög vegna skolp- og vatnsveitumála og annarra umhverfis- og mengunarmála, 3 000 þús. kr.

- 471 Gæzluvistarsjóður, framlag. Fjárveiting til Gæzluvistarsjóðs hækkar um 8 000 þús. kr.

#### 09 Fjármálaráðuneytið.

- 201—212 Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur. Áætlaður kostnaður við þessi embætti hækkar um 21 458 þús. kr. Eðlilegar launahækkanir nema 18 303 þús. kr., eða 31.4%. Starfsmannahald verður óbreytt að öðru leyti en því, að við Skattstofu Suðurlands er gert ráð fyrir ráðningu skattendurskoðanda, 305 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður eykst um 3 350 þús. kr., eða 18.2%. Loks hækka tekjur Skattstofunnar í Reykjavík um 500 þús. kr.
- 263 Tollgæzla utan Reykjavíkur. Liðurinn hækkar um 3 105 þús. kr., þar af vegna eðlilegra launahækkana 2 598 þús. kr., tollgæzlu í Straumsvík, nýr liður, 209 þús. kr., tækjakaupa til fíknilyfjaleitar 100 þús. kr. og annars rekstrarkostnaðar 198 þús. kr.
- 381 Uppbætur á lífeyri. Á þessum lið verður 86 517 þús. kr. hækkun, eða 142.6%. Þessi mikla hækkun skýrist af því, að ríkissjóður stendur að fullu undir öllum hækkunum, er verða frá þeim tíma, sem einstakir lífeyrisþegar fara á eftirlaun, hvort sem það stafar af verðlagsuppbótum, flokkahækkunum eða öðru.
- 901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Framlag ríkissjóðs lækkar um 3 700 þús. kr. Er þá við það miðað, að kostnaður við byggingareftirlitsmenn og annað, sem tilheyrir ákveðnum framkvæmdum, færast sem kostnaður við viðkomandi framkvæmdir, sbr. 18. gr. laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, og kemur þessi kostnaður því fram sem tekjur deildarinnar. Ríkissjóðsframlagið verður 1 697 þús. kr. vegna yfirstjórnar og annars, sem ekki verður heimfært á einstakar framkvæmdir. Frumvarpið gerir ráð fyrir ráðningu deildarverkfræðings, sem fluttur er af Innkaupastofnun ríkisins, byggingar-tækni-fræðings og skrifstofustúlku.
- 971 Ríkisábyrgðasjóður. Hér kemur fram 10 000 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig, að áætlaðar tekjur af áhættugjaldi vegna ríkisábyrgða lækka um 2 000 þús. kr. og eiginlegt ríkissjóðsframlag um 8 000 þús. kr.
- 991 Ýmis lán ríkissjóðs. Vextir á þessum lið hækka um 15 663 þús. kr. nettó, en þar sem vextir af sérstöku láni í Seðlabanka Íslands, sem stofnað var til með breytingu yfirdráttarskuldar í fast lán á árinu 1969, lækka um 15 300 þús. kr. sökum aukaafborgunar á þessu ári og vextir af yfirdráttarskuld eru áætlaðir 5 000 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1971, verður raunveruleg aukning vaxtagreiðslna af öðrum lánum á þessum lið 35 963 þús. kr. Að verulegu leyti á sú hækkun rætur að rekja til þess, að flest lán, sem áður voru færð á hlutaðeigandi stofnanir, eru nú færð á þennan lið.
- 999 Ýmislegt. Hækkunin, 39 334 þús. kr., skýrist þannig: Orlofsheimili B.S.R.B. hækkar um 800 þús. kr., kaup á dagblöðum 190 þús. kr., símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið 2 138 þús. kr., kostnaður við kjarasamninga 68 þús. kr., dómkröfur og málskostnaður 600 þús. kr., áætlað framlag til togaralána 29 100 þús. kr., kostnaður við próf löggiltra endurskoðanda 138 þús. kr. og inn er tekiun nýr liður, lífeyrissjóður verkalýðsfélaga, 12 500 þús.

kr. Á hinn bóginn lækka áætluð óviss útgjöld um 5 000 þús. kr., og niður fellur framlag til styrktar dagblöðum, 1 200 þús. kr.

#### 10 Samgönguráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Sú 2 159 þús. kr. hækkun útgjalda, sem verður á þessum lið, stafar af því, að föst laun hækka um 1 079 þús. kr., gert er ráð fyrir ráðningu aðstoðarstúlku í hálfri starf 132 þús. kr., önnur laun, þ. m. t. kostnaður við nefndir, hækka um 313 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður eykst um 635 þús. kr., m. a. vegna aukins húsnæðiskostnaðar.
- 211 **Vegagerð.** Framlag til vegagerðar vegna rekstrar og framkvæmda hækkar um 267 402 þús. kr., en þar af nemur hækkun fastra tekjustofna, sem ekki ganga til endurgreiðslu lána vegasjóðs, 261 555 þús. kr., þannig að eiginlegt ríkissjóðsframlag hækkar um 5 847 þús. kr. Ríkissjóðsframlagið verður samtals 49 274 þús. kr., þar af 2 229 þús. kr. styrkir til að bæta þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl. og 47 045 þús. kr. til almennra þarfa vegagerðar. Þegar hefur verið gerð grein fyrir afborgunum lána vegasjóðs.
- 321 **Strandferðir, framlög.** Framlög hækka um 13 210 þús. kr. vegna aukins rekstrarhalla Skipaútgerðar ríkisins á grundvelli óbreyttra farmgjalda.
- 331 **Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa.** Liðurinn hækkar um 1 188 þús. kr. Eðlilegar launahækkunir eru 1 470 þús. kr., ráðning tæknifræðings 466 þús. kr., ýmis rekstrarkostnaður hækkar um 760 þús. kr., og eigin tekjur aukast um 1 508 þús. kr.
- 333 **Hafnamál.** Kostnaður hækkar um 2 266 þús. kr., þar af hafnarannsóknir og mælingar 952 þús. kr. og landshafnir vegna lánagreiðslna 1 314 þús. kr., en önnur viðfangsefni eru óbreytt frá fjárlögum 1971.
- 341 **Siglingamálastofnun ríkisins.** Framlag hækkar um 4 259 þús. kr., sem stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir fjárveitingu til að lausráða mann til starfa á sviði mengunarmála, 467 þús. kr.
- 471 **Flugmálastjórn.** Framlag hækkar um 41 258 þús. kr., þar af 24 000 þús. kr. beint ríkissjóðsframlag til framkvæmda, en ekki er gert ráð fyrir tækjakaupaláni, sem var 5 000 þús. kr. í fjárlögum 1971, þannig að framkvæmdir aukast um 19 000 þús. kr. Fjárveiting til afborgana hækkar um 962 þús. kr. Rekstrarframlag hækkar því um 16 296 þús. kr., sem skýrist í stórum dráttum þannig: Eðlilegar launahækkunir nema 14 165 þús. kr., gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa og aðstoðarflugumferðarstjóra við flugöryggisþjónustu samtals 1 225 þús. kr., og annar rekstrarkostnaður eykst um 6 517 þús. kr. Á móti hækka tekjur um 5 611 þús. kr. Nánari sundurliðun á einstök viðfangsefni er að finna í B-hluta á lið 2 10 471.
- 652 **Veðurstofan.** Framlag til byggingar og tækjakaupa hækkar um 12 080 þús. kr. og skortir þá um 10 000 þús. kr. til að fullgera bygginguna. Framlag til rekstrar hækkar um 5 722 þús. kr., þannig að heildarhækkun nemur 17 802 þús. kr. Hækkun rekstrarframlags skýrist þannig: Eðlilegar launahækkunir eru 6 869 þús. kr., kostnaður við ráðningu aðstoðarmanns í áhaldadeild er 276 þús. kr., og annar rekstrarkostnaður hækkar um 4 383 þús. kr., en tekjur hækka um 5 806 þús. kr.
- 656 **Landmælingar.** Auk eðlilegra launa- og verðlagshækkana, sem nema 464 þús. kr. nettó, þegar tekið hefur verið tillit til tekjuhækkunar, er gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til kaupa á loftljósmyndavél, 1. greiðsla, 1 300 þús. kr., og til þríhyrningsmælinga umhverfis jörðina í samvinnu við aðrar þjóðir 1 000 þús. kr. Heildarhækkun fjárveitingar nemur því 2 764 þús. kr.

## 11 Iðnaðarráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið verður 2 049 þús. kr. hækkun. Eðlilegar launahækkanir nema 976 þús. kr., og ráðning fulltrúa og aðstoðarstúlku í hálfstítt starf samtals 585 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 488 þús. kr.
- 201 **Iðnþróunarstofnun Íslands.** Hækkunin, 2 228 þús. kr., skýrist af eðlilegum launahækkunum 1 388 þús. kr., ráðningu iðnhönnuðs 447 þús. kr. og hækkun annars rekstrarkostnaðar nettó, 393 þús. kr.
- 202 **Rannsóknastofnun iðnaðarins.** Af heildarhækkuninni, 4 829 þús. kr., stafa 2 245 þús. kr. af fyrirhuguðum kaupum á slit- og togbolstæki (heildarkostnaður 2 845 þús. kr.). Að öðru leyti nema eðlilegar launahækkanir 2 421 þús. kr., ráðning aðstoðarmanns 278 þús. kr., og ýmis rekstrarkostnaður 585 þús. kr., en eigin tekjur hækka um 700 þús. kr.
- 203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Á þessum lið verður 3 528 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Eðlilegar launahækkanir 3 195 þús. kr., ráðning sérfræðings 449 þús. kr., ýmis rekstrarkostnaður 384 þús. kr., og eigin tekjur hækka um 500 þús. kr.
- 299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Hér kemur fram 4 279 þús. kr. lækkun. Framlag vegna tækniástoðar Sameinuðu þjóðanna lækkar um 4 000 þús. kr., en vaxtagreiðsla af lánum til perlusteinsvinnslurannsókna, 279 þús. kr. í fjárlögum 1971, er nú flutt yfir á fjármálaráðuneytið. Framlag til eflingar iðnþróunar hækkar um 500 þús. kr., en í stað viðfangsefnisins „til eflingar útflutnings á iðnaðarvörum, markaðskannana og til að stuðla að nýjungum og hagræðingu í iðnaði“ koma tveir liðir: til að stuðla að nýjungum og hagræðingu í iðnaði, 3 500 þús. kr., og til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, 3 000 þús. kr., sem er 500 þús. kr. lægra en fjárveiting til fyrra viðfangsefnisins í fjárlögum 1971.
- 301 **Orkustofnun.** Rafmagnseftirlit ríkisins hefur nú verið greint frá Orkustofnun, en heildarframlag til beggja stofnananna hækkar um 10 255 þús. kr. Þar af nemur hækkun rafmagnseftirlitsgjalds 2 775 þús. kr., þannig að hækkun fjárveitingar til Orkustofnunar verður 7 480 þús. kr. Miðast sú hækkun við eðlilegar launa- og verðlagshækkanir á grundvelli fjárveitingar á fjárlögum 1971. Hins ber að gæta, að til viðbótar er gert ráð fyrir fjáröflun til rannsóknastarfsemi stofnunarinnar á framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1972.
- 371 **Orkusjóður.** Heildarframlag hækkar um 31 056 þús. kr., þ. e. vegna lána- greiðslna 13 056 þús. kr. og sveitarafvæðingar 18 000 þús. kr. Framlagið til sveitarafvæðingar verður þannig 50 000 þús. kr., og fyrirhuguð fjáröflun á framkvæmdaáætlun nemur sömu fjárhæð. Er þá við það miðað, að sveitarafvæðingu ljúki á næstu þremur árum.

## 12 Viðskiptaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið verður 1 780 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Eðlilegar launahækkanir eru 1 580 þús. kr., annar rekstrarkostnaður hækkar um 556 þús. kr., en laun bifreiðastjóra, sem voru 356 þús. kr. í fjárlögum 1971, koma nú fram á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis.
- 201 **Niðurgreiðslur á vöruverði.** Niðurgreiðslur eru áætlaðar miðað við það stig, sem gilti fyrir 1. september sl. Hækkun frá fjárlögum 1971 nemur 508 400 þús. kr., og verða niðurgreiðslur samkvæmt því í heild 1 635 400 þús. kr.

### 13 Hagstofa Íslands.

- 101 og 102 Aðalskrifstofa og þjóðskrá. Samtals hækka þessir fjárlagaliðir um 4 280 þús. kr., og er skýringin fólgin í eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, auk þess sem hagstofan flyzt í annað og stærra húsnæði.

### 14 Ríkisendurskoðun.

- 101 Aðalskrifstofa. Hækkunin, 3 998 þús. kr., skýrist þannig: Eðlilegar launa-  
hækkanir 3 324 þús. kr., ráðning endurskoðanda 464 þús. kr. og ýmis rekstrar-  
kostnaður 210 þús. kr.



## Fylgiskjal I.

### EFNAHAGSSTOFNUNIN

#### Þróun efnahagsmála 1971 og efnahagshorfur ársins 1972.

##### 1. Þróun efnahagsmála árið 1971.

Árið 1971 hefur einkennzt af örum vexti eftirspurnar og framleiðslu. Horfur virðast á, að þjóðarframleiðslan muni aukast um allt að 9%, sem er meiri aukning en búizt var við í upphafi ársins. Viðskiptakjörin út á við virðast munu batna mjög verulega á árinu. Útflutningsverðlag sjávarafurða verður sennilega 22—23% hærra að meðaltali en á árinu 1970. Innflutningsverðlag mun væntanlega hækka mun minna, eða sennilega nálægt 5%. Vegna þessarar viðskiptakjarabótar gæti aukning þjóðartekna orðið mun meiri en þjóðarframleiðslu, eða allt að 12%.

